skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
499
Rúðuvökvi
4 ltr, 12°C
www.europris.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
23. febrúar 2011
44. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Getur ekki hlegið
Sjónvarpskonan Rikka er brákuð eftir bílslys.
fólk 30

Margt hefur áunnist
Landssamband kúabænda er 25 ára.
tímamót 16

Leynilisti Leifs
Leikmenn Víkings fengu fyrir slysni sendan leynilista þjálfara síns.
sport 26

veðrið í dag

VÆTUSAMT Í dag verða norðaustan 10-18 m/s NV-til og slydda, annars yfirleitt sunnan 8-13 m/s upp úr hádegi og væta með köflum. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

Icesave snýr stjórnlagaþingi

Nefnd um stjórnlagaþingsmálið hefur breytt um kúrs vegna ákvörðunar forsetans í Icesave-málinu. Meirihlutinn vildi fyrir helgi að kosið yrði aftur en telur nú heppilegast að skipað verði ráðgefandi stjórnlagaráð.

STJÓRNMÁL Flest bendir til að nefnd um framhald stjórnarskrárbreytinga leggi til að þeir 25 sem kjörnir voru til setu á stjórnlagaþing verði skipaðir í stjórnlagaráð. Það verði Alþingi ráðgefandi um breytingar á stjórnarskránni. Ákvörðun forsetans um að vísa Icesave-málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu hleypti upp áformum nefndarinnar.

Á föstudag var meirihluti nefndarinnar eindregið þeirrar skoðunar að legga bæri til að fram færi uppkosning – að kosið yrði á ný á milli þeirra sem buðu sig fram í kosningunni í nóvember – þótt fulltrúi Vinstri grænna hefði haft fyrirvara á vegna kostnaðar.

Ákvörðun forseta á sunnudag varð til þess að meirihluti nefndarinnar lítur ekki lengur á uppkosningu sem vænlegan kost. Ómögulegt sé að reka tvenns konar kosningabaráttu samtímis, það er að fjalla um kosti og galla Icesave-laganna og framboð til stjórnlagaþings.

Meðal þess fyrsta sem forystumenn ríkisstjórnarinnar sögðu eftir að ákvörðun forseta lá fyrir var að hugsanlega bæri að kjósa til stjórnlagaþings samhliða Icesave. Sú yfirlýsing kom stjórnlagaþingsnefndinni á óvart og þykja, samkvæmt samtölum Fréttablaðsins við nefndarmenn, óheppileg innigrip í störf hennar. En hvað sem þeim líður virðist meirihluti nefndarinnar þeirrar skoðunar að í ljósi aðstæðna beri að leggja til við þing og ríkisstjórn að skipað verði stjórnlagaráð til að fjalla um breytingar á stjórnarskrá.

Reynt verður að ná sátt um málið á fundi stjórnlagaþingsnefndarinnar klukkan fimm í dag. Ef það tekst ekki verður málið afgreitt í ágreiningi á fimmtudag.

Nefndin er einungis ráðgefandi og það er Alþingis að taka ákvörðun um afdrif málsins. Færi svo að Alþingi ákvæði að kosið skyldi að nýju til stjórnlagaþings stæði eftir að ákveða hvenær. Forystumenn stjórnarflokkanna hafa sagt borðleggjandi að gera það samhliða þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að stjórnarliðar telji það nú hæpinn möguleika, ekki síst vegna harðrar andstöðu sjálfstæðismanna við þá hugmynd, sem kom meðal annars skýrt í ljós á Alþingi í gær.

Til að kjósa á ný til stjórnlagaþings þyrfti að breyta lögum um stjórnlagaþing frá í fyrrasumar. Stjórnarliðar óttast að sjálfstæðismenn myndu tefja þá lagabreytingu nógu lengi til að hún tækist ekki í tíma. **- bþs, sh / sjá síðu 4**

PAKKAÐ NIÐUR Sjálfboðaliðarnir Halla Eiríksdóttir, Steingerður Sigurðardóttir og Þórdís Sigtryggsdóttir voru í óðaönn að pakka niður bókasafninu á Landspítalanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bókasafni spítalans lokað:

Fá ekki bækur af ótta við sýkla

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar Landspítala - háskólasjúkrahúss hafa ekki lengur aðgang að bókasafni Rauða krossins sem starfað hefur í fjörutíu ár.

Fleiri en ein ástæða er fyrir lokun safnsins að sögn Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans. „Sjúklingarnir dvelja mun skemur á spítalanum en áður og þá hefur þörfin fyrir afþreyingu breyst töluvert. Líka spilar þar inn í að eitt af aðalverkefnum stórra sjúkrahúsa í dag er að koma í veg fyrir dreifingu sýkla."

Björn segir þó fulla þörf fyrir störf sjálfboðaliða áfram. „Bæði reka þeir veitingasölu á spítalanum og uppi eru hugmyndir um að þeir komi að því að sinna andlegum þörfum einstaklinga á öldrunardeildum."

Þórdís Sigtryggsdóttir hefur lánað sjúklingum bækur í þrjátíu ár í sjálfboðastarfi. „Þetta hefur verið einstaklega gefandi. Áður fyrr var svo mikið um útlán að stundum þurftum við að fara eftir fleiri bókum. Og þótt útlánin hafi minnkað eru alltaf einhverjir sem vilja bækur og fólk er afskaplega þakklát." **- jma**

Ólgan í Líbíu hefur bein áhrif á eldsneytisverðið hér á landi:

Gaddafí ætlar hvergi að víkja

LÍBÍA „Ég hef ekki enn skipað fyrir um að valdi skuli beitt, ekki enn gefið skipun um að skjóta einni einustu kúlu – en þegar ég geri það, þá mun allt brenna," sagði Muammar Gaddafí Líbíuforseti í sjónvarpsávarpi í gær og hét því að flýja hvorki land né gefa frá sér völdin.

MUAMMAR GADDAFI

Ólgan í Líbíu hefur bein áhrif á heimsmarkaðsverð olíu og þar með á eldsneytisverðið hér á landi. Verðið á bensínlítranum var víða komið í 221,90 eða 222,90 krónur síðdegis í gær.

„Það átti ekki nokkur maður von á þessu," sagði Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri hjá N1. „Ég hafði frekar átt von á að það yrði flatt áfram og myndi jafnvel lækka en þær vonir virðast ekki ætla að rætast."

„Við skorum á ríkið að bregðast við," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. „Það hefur áður verið gripið til ráðstafana hér á landi af hálfu ráðamanna til þess að mæta háu orkuverði." **- gb / sjá síðu 8**

VILT ÞÚ VINNA iPhone4?
www.rumgott.is
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

Knorr
Knorr bollasúpa, fljótleg og bragðgóð máltíð.
Knorr kemur með góða bragðið!

SPURNING DAGSINS

Eiríkur, eruð þið í skýjunum yfir þessu?

„Já. Það mætti segja að við séum í sjöunda himni, enda hálfgerðir skýjaglópar."

Eiríkur Sveinn Hrafnsson stýrir íslenska tæknifyrirtækinu GreenQloud, sem býður upp á hýsingu í svokölluðu „tölvuskýi" og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir starf sitt að undanförnu.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákærir tvær konur og par:

Strípuðu íbúðir fyrir uppboð

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært tvær konur í Garði fyrir að hreinsa allt innan úr íbúð, sem var veðsett Landsbankanum fyrir ríflega 30 milljónir króna, áður en þær misstu hana. Þá var par í Sandgerði ákært fyrir sömu sakir. Hús þess var veðsett Glitni fyrir 22 milljónir.

Konurnar eru ákærðar fyrir skilasvik með því að hafa á tímabilinu til 5. nóvember árið 2008 fjarlægt úr húsi sínu í Garði allar innihurðir ásamt körmum, baðinnréttingu og tæki, eldhúsinnréttingu og tæki, baðinnréttingu inni af svefnherbergi og rafmagnstengla, án heimildar veðhafa, Landsbanka Íslands, nú NBI banka hf.

NBI HF. Gerir kröfu um 5,3 milljóna króna greiðslu frá konunum.

Taldi bankinn verðmæti búnaðarins nema 5,3 milljónum og vill fá þær greiddar. Eignin var seld á nauðungarsölu 5. nóvember 2008 og var bankinn kaupandi hennar.

Parið er ákært fyrir að hafa fjarlægt ofn úr stofu, sjö ofnkrana, baðinnréttingu með blöndunartækjum, eldhúsinnréttingu, 150 fermetra hellulögn af lóð hússins, sólpall og heitan pott. Íslandsbanki, sem keypti eignina á nauðungarsölu, vill frá ríflega 3,5 milljónir fyrir búnaðinn. -jss

Forseti á faraldsfæti:

Færir páfanum styttu að gjöf

BESSASTAÐIR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun hitta Benedikt páfa sextánda á einkafundi í Róm í næstu viku.

Þar mun forseti færa páfa að gjöf styttu af Guðríði Þorbjarnardóttur. Styttan er verk Ásmunds Sveinssonar, en Guðríður var kona Þorfinns karlsefnis og ferðaðist á sínum tíma frá Íslandi til Grænlands og Vínlands og einnig víða um Evrópu. Að Þorfinni látnum hélt Guðríður til Rómar þar sem hún hitti páfa og skýrði honum frá ferðum sínum. - þj

HERGAGNAFLUTNINGAR Flugfélagið Atlanta hefur flutt hergögn til Afganistans.

Flutningar til Afganistans:

Atlanta flýgur með hergögn

SAMGÖNGUR Íslenska flugfélagið Atlanta flýgur með hergögn fyrir bandaríska herinn til Afganistans. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að Flugmálastjórn Íslands veitti Atlanta sérstaka heimild til hergagnaflutninga um síðustu mánaðamót. Sú heimild var gefin út í samráði við innanríkisráðuneytið.

Með hergögnum er átt við búnað, varahluti, skrifstofugögn, lyf og þess háttar, en Stöð 2 hefur óstaðfestar heimildir fyrir því að Atlanta hafi einnig flutt vopn.

Hergagnaflugið er á vegum bandaríska vöruflutningamiðlarans National Air Cargo. - þj

LANDHELGISGÆSLAN

Þyrla sótti veikan sjómann

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gærkvöldi veikan skipverja í línubát sem staddur var 20 mílur suðvestur af Malarrifi. Hann kvartaði undan kviðverkjum og var fluttur á slysadeild eftir að í land var komið.

STJÓRNSÝSLA

Greiða 307 þúsund í áskrift

Innanríkisráðuneytið og stofnanir þess greiða 307 þúsund krónur í hverjum mánuði fyrir netáskrift að 86 dagblöðum og 13 dagblöðum. Þá greiðir ráðuneytið og stofnanir þess 33 þúsund krónur í hverjum mánuði fyrir áskrift að 24 héraðsblöðum. Þetta kom fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingar í gær.

Íslenskar útgerðir á umdeildu hafsvæði

Íslensk útgerðarfyrirtæki hafa um árabil stundað veiðar út frá Vestur-Sahara, sem berst fyrir sjálfstæði. Evrópusambandið fær kvóta frá Marokkó. Skiptar skoðanir innan sambandsins. Samherji útilokar ekki að halda áfram veiðum.

SJÁVARÚTVEGUR Íslensk útgerðarfyrirtæki hafa um árabil stundað fiskveiðar á umdeildu hafsvæði út frá ströndum Vestur-Sahara. Evrópusambandið (ESB) hefur löngum haft veiðiheimildir á svæðinu í krafti samnings við Marokkó, sem hefur stjórnað Vestur-Sahara frá árinu 1975 í óþökk flestra landsmanna og ýmissa ríkja og alþjóðastofnana.

Samningur ESB og Marokkó, sem útilokar ekki að veitt sé á landgrunni Vestur-Sahara, rennur út í lok mánaðar, en sjávarútvegsráðherrar ESB samþykktu á fundi á mánudag að ganga til samninga við Marokkó á ný. Þar var ekki minnst á stöðuna í Vestur-Sahara.

ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON

Ekki var þó einhugur meðal aðildarríkja því að Svíþjóð, Danmörk og Bretland kusu gegn því að ganga til samninga við Marokkó, og Þýskaland og Finnland sátu hjá.

Um er að ræða hagsmunamál fyrir ESB þar sem ellefu aðildarríki stunda veiðar innan svæðis Marokkó, þar með talið á hafsvæði Vestur-Sahara.

Í gegnum árin hafa íslensk útgerðarfyrirtæki haslað sér völl á hafsvæðinu út frá vesturströnd Afríku og sum þeirra á hafsvæðinu umdeilda.

Þeirra á meðal er Sæblóm, sem var með mikil umsvif í borginni Laayoune, en er nú gjaldþrota. Einn af fyrrum forsvarsmönnum Sæblóms, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hafi vitað af deilum, en hafi sjálfur ekki orðið var við þær á sínum tíma.

Þá voru skip frá Samherja á umræddu svæði við veiðar á makríl, hestamakríl og sardínu. Heildarafli síðasta árs var 60.000 tonn, en Samherjaskip hafa hins vegar ekki verið þar síðustu mánuði, að sögn forstjórans Þorsteins Más Baldvinssonar.

Í samtali við Fréttablaðið segir Þorsteinn Már að þó að málið sé pólitískt umdeilt séu fjölmargir að veiðum á svæðinu. Skip Samherja hafi verið þrjú talsins fram á síðasta ár og bæði veitt úr kvóta ESB og samkvæmt samningi við stjórnvöld í Marokkó.

Spurður hvort þeir hygðu á frekari veiðar á svæðinu í framtíðinni sagði Þorsteinn að málið væri í skoðun.

Hann sagði deilurnar ekki munu hafa áhrif á framtíðarstefnu Samherja á svæðinu.

„Nei. Við erum ekki að blanda okkur í innanríkismál."

thorgils@frettabladid.is

Deilt um fiskimið undan Afríkuströndum

NORDICPHOTOS/AFP

VIÐ HÖFNINA Hafnarverkamenn við löndun afla í borginni Laayoune í Vestur-Sahara. Deilur hafa staðið um veiðar út frá ströndum landsins, sem lýtur stjórn Marokkó. Íslenskar útgerðir eru meðal þeirra sem hafa stundað veiðar á svæðinu.

Aflaverðmæti jan.-nóv.*

Afli	2009	2010	Breyting
Botnfiskur	74,9	86,7	15,8%
Flatfisksafli	9,2	8,6	-6,6%
Uppsjávarafli	20,7	25,1	21,6%
Skel- og krabbadýr	1,9	2,5	32,5%
Annar afli	0,04	0,11	208,7%
Alls	**106,6**	**123,0**	**15,3%**

*Upphæðir í milljörðum króna.
Heimild: Hagstofa Íslands

Verðmæti afla 123 milljarðar:

Aflaverðmæti jókst milli ára

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa jókst um 15,3 prósent milli áranna 2009 og 2010, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar.

Aflaverðmæti fyrstu ellefu mánuði ársins 2010 nam tæpum 123 milljörðum króna, samanborið við tæpa 107 milljarða á sama tímabili árið 2009.

„Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands nam rúmum 49,9 milljörðum króna og jókst um 24,8 prósent frá árinu 2009. Aflaverðmæti sjófrystingar voru rúmir 45,4 milljarðar, sem er 20,7 prósenta aukning milli ára," segir á vef Hagstofunnar. - óká

Amnesty um Líbíu:

Vilja rannsókn á ódæðunum

LÍBÍA Amnesty International kallaði í gær eftir tafarlausri rannsókn öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins vegna dráps á hundruðum mótmælenda í Líbíu.

Í tilkynningu hvöttu samtökin til þess að Muammar Gaddafí og stjórn hans verði sótt til saka fyrir Alþjóðaglæpadómstólnum í Haag, vegna glæpa sinna.

Aðalritari alþjóðadeildar Amnesty segir jafnframt að Gaddafí sé tilbúinn til að drepa eins marga og honum sýnist til að halda völdum. „Alþjóðasamfélagið verður að grípa skjótt til aðgerða til að binda enda á þetta ástand." - þj

OPINN FUNDUR UM

NEYSLU VIÐMIÐ

BSRB stendur fyrir opnum fundi um neysluviðmið ríkisstjórnarinnar, fimmtudaginn 24. febrúar kl. 16:30 í BSRB-húsinu Grettisgötu 89.

Gestur fundarins er **Guðbjartur Hannesson,** velferðarráðherra
Fundarstjóri: **Elín Björg Jónsdóttir,** formaður BSRB

www.bsrb.is

BSRB

Ferðatilhögun þýskra ferðamanna breyttist vegna óeirða í N-Afríku:

Ætluðu til Túnis en enduðu á Íslandi

FERÐAMÁL „Í stað þess að keyra um í sól og 30 stiga hita í Túnis eru ferðamennirnir hér í snjó og þriggja stiga hita," sagði Jón Baldur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins ISAK, staddur á Kaldadal í gær. Hann var þar fararstjóri í ellefu bíla flota og bílstjórarnir voru allir þýskir ferðamenn. Jón Baldur leigir út sérútbúna Land-Rover Defender og aðrir ellefu bílar frá honum fóru um Kjöl í gær og að Langjökli, með hluta af sama hópi.

„Þetta er stærsti hópur sem til landsins hefur komið til að aka á breyttum jeppum, um 70 manns," sagði Jón Baldur. „Þeir höfðu áformað Túnisferð þegar þar brast á með óeirðum svo þeir ventu sínu kvæði í kross og komu til Íslands."

Að sögn Jóns Baldurs er mesti snjórinn á Kaldadal á veginum því hann er niðurgrafinn. „Þetta er búið að vera skemmtilegt at. Menn voru að festast og draga hver annan og reyndar búnir að affelga eitt dekk. Svo hafa þeir þurft að hleypa lofti úr niður í sex pund. Þetta eru allt dekkjasölumenn og þarna opnaðist þeim ný vídd í dekkjabransanum." - gun

ÞÝSKT JEPPAFÓLK Ætluðu til Túnis og enduðu á Kaldadal. MYND/MANFRED HESSEL

SUBARU

Confidence in Motion

Ný kynslóð sigurvegara

BOXER DIESEL

SUBARU FORESTER
2.0 bensín / 2.0 dísil

SUBARU LEGACY SEDAN
2.0i bensín

SUBARU LEGACY WAGON
2.0i bensín

SUBARU OUTBACK
2.5i bensín

Íslendingar vita að Subarubílar eru öruggir á alla vegu. Þeir eru í raun einhver öruggustu bílakaup sem hægt er að gera hvernig sem á er litið. Þeir hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með lágri bilanatíðni, góðu endursöluverði og framúrskarandi endingu.

Komdu við hjá okkur og kynntu þér þrjá nýja bíla frá Subaru, uppfærða útgáfu af Forester og alveg nýjar kynslóðir af Legacy og Outback.

Við höfum opið á laugardag frá kl. 12-16.

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM45521

GENGIÐ 22.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	117,26	117,82
Sterlingspund	189,51	190,43
Evra	159,75	160,65
Dönsk króna	21,425	21,551
Norsk króna	20,585	20,707
Sænsk króna	18,13	18,236
Japanskt jen	1,4128	1,421
SDR	183,02	184,12

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,7549
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nemendur í Lækjarskóla í Hafnarfirði himinlifandi:

Forsetahjónin heimsóttu Lækjarskóla

SKÓLAMÁL „Börnin voru himinlifandi því forsetahjónin tóku sér tíma til að vera með þeim. Þau voru ekkert að flýta sér," segir Arna B. Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff, kona hans, heimsóttu skólann í gærmorgun ásamt starfsmönnum forsetaembættisins og forkólfum í Hafnarfirði í tilefni þess að hann hlaut Íslensku menntaverðlaunin í fyrra. Verðlaunin hlýtur sá skóli sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.

Nemendur skólans tóku á móti forsetahjónunum á skólalóðinni og fylgdust þau með viðburðum í íþróttahúsi og sundlaug skólans. Þá skoðuðu forsetahjónin kennslustofur og tóku þátt í hátíðardagskrá í þrjá klukkustundir þar sem nemendur og forráðamenn skólans kynntu starfsemi hans. - jab

FORSETAHJÓNIN MEÐ BÖRNUNUM Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff gáfu sér drjúgan tíma til að vera með nemendum Lækjarskóla í Hafnarfirði í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖGMUNDUR JÓNASSON Innanríkisráðherra telur að eðlilegt væri að kjósa til stjórnlagaþings og um Icesave á sama tíma, ríki samstaða um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagsetning kynnt á föstudag:

Ný kjörstjórn á næstu dögum

STJÓRNSÝSLA Kjördagur fyrir Icesave-samkomulagið verður kynntur á föstudag, sem og hvort og hvenær kosið verði til stjórnlagaþings. Ný landskjörstjórn verður kosin á Alþingi á næstu dögum. Ríkistjórnin fundaði í gærdag um Icesave-kosningarnar og stjórnlagaþingið.

Samkvæmt lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu verður að boða til kosninga innan tveggja mánaða frá því að forsetinn synjar lögum. Sá tími rennur út 16. apríl, miðað við síðustu ákvörðun forsetans um að vísa nýja Icesave-samningnum til þjóðarinnar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir það innanríkisráðuneytisins að taka endanlega ákvörðun. Hann segir að eðlilegt væri að samnýta kosningu um Iceasave og til stjórnlagaþings, náist um það samstaða. - sv

HAGSTOFA ÍSLANDS

Kaupmáttur launa eykst

Launavísitala í janúar 2011 var 383,2 stig og hækkaði um 0,02 prósent milli mánaða, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 4,4 prósent. Kaupmáttur launa jókst hins vegar um 0,9 prósent á milli mánaða og hefur hækkað um 2,5 prósent síðustu 12 mánuði.

Efast um 26. greinina

Forystumenn þriggja flokka lýsa efasemdum um réttmæti þess að forsetinn hafi málskotsrétt og telja að endurskoða eigi það ákvæði stjórnarskrárinnar. Formaður fjárlaganefndar gagnrýndi forsetann harðlega í umræðum á þingi.

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, eru báðir þeirrar skoðunar að endurskoða eigi 26. grein stjórnarskrár Íslands, sem kveður á um málskotsrétt forseta. Þetta kom fram í umræðum um Icesave-málið á Alþingi í gær.

Bjarni hóf umræðuna um málið og sagði meðal annars að viðbrögð ríkisstjórnarinnar við ákvörðun forsetans bentu til þess að liðsmenn hennar hefðu ekki verið undir hana búnir. Enn fremur gæfu viðbrögð Steingríms til kynna að hann væri andvígur því að forseti beitti 26. greininni, eins og sjálfstæðismenn hefðu lengi verið.

Steingrímur sagði þetta þarfnast athugunar. „Við eigum að taka til skoðunar hvort þessum rétti sé ekki betur fyrir komið með skilgreindum hætti, og þá um þau mál sem menn eru sammála um að séu til þess fallin að fara í þjóðaratkvæði," sagði hann.

Þór Saari tók í sama streng; hann kvaðst efast um að forsetinn ætti að hafa heimild sem þessa.

Það voru raunar aðeins framsóknarmennirnir Birkir Jón Jónsson og Vigdís Hauksdóttur sem fóru lofsamlegum orðum um forsetann og þökkuðu honum fyrir að skjóta málinu til þjóðarinnar.

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður fjárlaganefndar, var manna gagnrýnust. Hún sagði að þingið hlyti að líta það alvarlegum augum þegar forsetinn gripi inn í vinnu þess við endurreisn efnahagslífsins.

„Sú sem hér stendur telur að forsetinn hafi með ákvörðun sinni sniðgengið fulltrúalýðræðið og anda stjórnarskrárinnar um leið," sagði Oddný. Hvað sem mönnum fyndist um þjóðaratkvæðagreiðslur virtist forsetinn einn og sér ætla að breyta stjórnskipan Íslands. „Á leið okkar út úr efnahagslægðinni leggur forsetinn stein í götu og stuðlar að stjórnmálalegum óstöðugleika þar sem ekki er hægt að treysta á að meirihluti Alþingis haldi."

Að því loknu tók Bjarni aftur til máls og sagðist telja það mikil tíðindi að þingmenn allra flokka, utan Framsóknar, hefðu lýst yfir miklum efasemdum um 26. grein stjórnarskrárinnar. Því fagnaði hann. stigur@frettabladid.is

SAMMÁLA Steingrímur og Bjarni voru á einu máli um að það þarfnaðist nánari skoðunar hvort forsetinn ætti að hafa málskotsrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samninganefndin ekki endilega hlutlaus

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði mikilvægt að samninganefndin úr síðustu Icesave-viðræðum fengi til þess svigrúm og tækifæri að kynna samninginn og efnisatriði hans vel og hlutlægt fyrir þjóðinni, svo þjóðin fengi beina og milliliðalausa kynningu á því hvað samningamönnunum hefði gengið til.

Þór Saari steig næstur í pontu og kvaðst efast um þetta. Hann væri ekki sammála því að samninganefndin sjálf væri best til þess fallin að kynna eigin samning hlutlaust.

Fíkniefni á Norðurlandi:

Margfalt meira af marijúana

LÖGREGLUMÁL Lögregluembættin á Norðurlandi lögðu hald á rúmlega eitt kíló af marijúana á síðasta ári sem er mun meira en árin þar á undan.

Árið 2009 voru haldlögð rúmlega 100 grömm og 30 grömm árið 2008. Þarna er því um mikla aukningu að ræða en þó í takt við það sem lögreglan er að sjá gerast í fíkniefnaheiminum hér á landi. Magn annarra haldlagðra fíkniefna er svipað á milli undanfarinna ára, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu, sem minnir á fíkniefnasímsvarann 800-5005 og netfangið info@rls.is. Þar getur fólk komið ábendingum um fíkniefnamisferli nafnlaust á framfæri. - jss

Lögfræðingar um Icesave:

Ragnar Hall vill samning

ICESAVE Íslendingum er fyrir bestu að gangast við nýja Icesave-samningnum að mati hæstaréttarlögmannsins Ragnars Hall. Hann lét þau orð falla í Kastljósi Ríkisútvarpsins í gær, en áréttaði þó að hann viðurkenndi ekki beinlínis greiðsluskyldu ríkissjóðs í málinu.

RAGNAR HALL

Reimar Pétursson hæstaréttarlögmaður sagði í sama þætti að honum þætti eðlilegt og í raun siðaðra manna háttur að láta reyna á málið fyrir dómstólum. Að hans mati væri hægt að semja á öllum tímum dómsmálsins þar til niðurstaða félli. - þj

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HVASST Á VESTFJÖRÐUM
Það verður nokkuð vinda- og vætusamt á landinu í dag, einkum á Vestfjörðum en þar verður allhvasst eða hvasst fram eftir degi. Annars staðar verður komin fremur hæg suðlæg átt síðdegis.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	5°
Berlín	-5°
Billund	-3°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	21°
London	13°
Mallorca	16°
New York	5°
Orlando	26°
Ósló	-6°
París	8°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	-7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Dorma býður góða nótt

SERTA-TILBOÐSDAGAR Serta heilsurúm

Serta hefur verið leiðandi í rúmaframleiðslu í yfir 75 ár. Nú fást hinar heimsþekktu Serta heilsudýnur á frábæru verði í Dorma, Holtagörðum. Komdu og gerðu frábær kaup.

- **5 svæða Miracoil® gormakerfi**
- **TotalEdge® kantstyrking - gefur meira svefnsvæði!**
- **7 svæðaskipt Latex yfirdýna**
- **Val um 3 liti af botnum**

Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

Daysleeper heilsurúm með botni

Stærð cm.	Tilboðsverð
90x200	**99.365,-**
100x200	**107.865,-**
120x200	**124,865,-**
140x200	**148.665,-**
160x200	190.315,-
180x200	209.856,-
192x203	231.115,-

CONSUMERS BEST BUY DIGEST

Stubbastólarnir
fyrir litla prinsa og prinsessur

Vandaðir leðurlux-stólar fyrir yngri kynslóðina. Gott að þrífa og fer vel hvort sem er í stofuna eða barnaherbergið.

19.900,-
með skemli

FRÁBÆR SVEFNSÓFI

75.900,-
Rúmfatageymsla

ILMUR MÁNAÐARINS

25% AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE®
a passion for fragrance®
Yfir 40 ilmtegundir

ÞÆGILEGUR

69.900,-
Hægindastóll í tau

Búið er að reikna afslátt inn í verð í auglýsingunni

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Ilmstrá mikið úrval!

KJÖRKASSINN

Telur þú eðlilegt að hækka útsvar í Reykjavík til að bregðast við niðurskurði í skólakerfinu?

Já 41,2%

Nei 58,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra leggur áherslu á alþjóðlegt samstarf gegn barnaníðingum:

Brotamenn í meðferð og eftirlit sem dugir

LÖGGÆSLA Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kveðst leggja þunga áherslu á að íslensk yfirvöld taki þátt í alþjóðlegu samstarfi til að uppræta glæpastarfsemi sem snýst um miðlun og vörslu á kynferðislegu ofbeldismyndefni af börnum.

Fréttablaðið greindi frá því að tveir karlmenn hefðu nýlega verið teknir hér á landi með myndefni af þessu tagi eftir ábendingar frá Interpol og Europol.

„Þetta eru einhverjir svívirðilegustu glæpir sem hægt er hugsa sér," segir Ögmundur, sem kveðst hafa hlýtt á fyrirlestur Michaels Moran, yfirmanns hjá Interpol, um slík ofbeldisverk gegn börnum, þegar Moran var staddur hér á landi á dögunum.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Hann beindi því til fólks að nota ekki orðið barnaklám vegna þess að athæfið fæli í sér glæpsamlegt atferli og ofbeldi gagnvart nauðugum börnum sem bæri að taka mjög fast á. Slík tilvik hafa komið upp hér á landi. Síðan getur það líka gerst í þessum heimi tölvu og niðurhals að ágengt efni þröngvi sér niður í tölvur einstaklinga þegar þeir eru að niðurhala annað efni. Þar með missir viðkomandi mannorð sitt, þótt hann hafi ekki haft ásetning um að gera það sem hann síðan er sakaður um. Í þessum málum sem öllum öðrum ber okkur því að fara fram af varúð og gæta þess að allar rannsóknir séu sem traustastar. Ella er hætta á að sá sem að ósekju er sakaður um að tengjast slíku efni hafni saklaus á galdrabrennubáli. Slíkt má ekki gerast."

Ögmundur segir að refsing verði að hafa fælingarmátt. Koma verði í veg fyrir þessi svívirðilegu brot, grípa til ráðstöfunar til varnar börnum og koma brotamönnum í meðferð og eftirlit sem dugi í því skyni. **- jss**

LÍFRÆNT RÆKTAÐ Samtök lífrænna neytenda styðja kaup beint frá býli, Slow Food og Fair Trade. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samtök lífrænna neytenda:

Ný neytenda-samtök stofnuð

NEYTENDUR **Ný neytendasamtök, Samtök lífrænna neytenda, hafa nú litið dagsins ljós. Tilgangur þeirra er að stuðla að aukinni framleiðslu og neyslu lífrænna vara á Íslandi með hagsmuni neytenda, búfénaðar, bænda og umhverfisins að leiðarljósi.**

„Lífrænar aðferðir byggjast á því að framleiða hágæða afurðir þar sem verndun lífríkis, velferð búfjár og heilsufar neytenda eru höfð að leiðarljósi," segir á Facebook-síðu samtakanna, sem styðja einnig kaup beint frá býli, Fair Trade og Slow Food-hreyfinguna. Stofnfundur Samtaka lífrænna neytenda verður í Norræna húsinu 7. mars. **- sv**

Tveir um þrítugt ákærðir:

Réðust á mann og stórslösuðu

LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir mörg brot, þar á meðal líkamsárás, sem hann er talinn hafa staðið að ásamt öðrum manni.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ráðist í sameiningu á mann aðfaranótt 1. febrúar 2009 á skemmtistaðnum Yellow, Hafnargötu 28, Reykjanesbæ. Þeir hafi ýmist kýlt eða sparkað í manninn og stórslasað hann. Meðal annars hlaut hann skurði á höfði og hálsi. **- jss**

Óttast að um 100 manns hafi látist

Enn hækkar tala látinna í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi eftir öflugan jarðskjálfta aðfaranótt mánudags. Um 65 manns eru taldir af og margir enn fastir í rústum. Tugir Íslendinga búa í borginni.

NÝJA-SJÁLAND Björgunarsveitir og hermenn leituðu enn að fólki í húsarústum í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi í gærkvöldi eftir að jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter reið yfir um miðnætti að íslenskum tíma á mánudagskvöld.

Í gærkvöldi höfðu 38 fundist látnir í rústum borgarinnar. Um tvöfalt fleiri eru taldir af og ekki útilokað að fjöldi látinna kunni að vera hærri.

„Við erum í bílnum með vatn og brauð, erum að leita að bensínstöð til að fara til mömmu og pabba. En margar götur eru lokaðar og eiginlega engar bensínstöðvar opnar," segir tónlistarkonan Hera Hjartardóttir. Hún býr ásamt manni sínum Hirti Arasyni nálægt miðborg Christchurch. Hún segir aðstæður skelfilegar; vatn, sandur og leir hafi gosið upp úr sprungum í garðinum við hús þeirra hjóna. Húsið stendur en er rammskakkt og sprungur í veggjum. Það sama á við um borgina alla, sem Hera segir í rúst.

Hún segir einn vin sinn hafa verið að snæða hádegisverð á veitingastað í borginni þegar húsið hafi hrunið niður á viðskiptavini. Hera og Hjörtur hafa heyrt í mörgum vina sinna en eiga eftir að heyra í nokkrum. Fjölskylda Heru er heil á húfi.

Upptök jarðskjálftans voru um tíu kílómetrum utan borgarinnar, sem er sú næststærsta á Nýja Sjálandi, á fjögurra kílómetra dýpi. Einungis eru fimm mánuðir liðnir síðan öflugur skjálfti reið síðast yfir í nágrenni Christchurch, en um 500 hús í borginni eyðilögðust í september á síðasta ári. Sá skjálfti var öflugri, um 7,1 á Richter, en upptök hans voru fjær borginni og á mun meira dýpi en sá sem reið yfir aðfaranótt mánudags.

HERA HJARTARDÓTTIR

Tugir Íslendinga búa í Christchurch, þar á meðal þrír læknar. Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir ráðuneytið ekki vita til þess að nokkur Íslendingur hafi meiðst í skjálftanum. Fólk hafi verið duglegt að láta vita af sér, hvort sem það hafi verið beint frá Nýja-Sjálandi eða gegnum fjölskyldur þess hér á landi.

Íbúum í Christchurch hefur verið sagt að halda sig heima við næstu þrjá sólarhringana. Margir geta það þó ekki vegna skemmda á húsum og hafa nokkur þúsund manns leitað skjóls í neyðarskýlum. **sunna@frettabladid.is**
jonab@frettabladid.is

DÓMKIRKJAN SKEMMD Christchurch á Nýja-Sjálandi er í rústum eftir stóran skjálfta á mánudag. Hægra megin á myndinni má sjá bíl undir brotum af vegg dómkirkjunnar í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skjálftinn á Nýja-Sjálandi

Jarðskjálftinn á Suðurey Nýja-Sjálands kostaði að minnsta kosti 65 manns lífið. Þetta er annar stóri skjálftinn á þessum slóðum á innan við hálfu ári.



Alicante

Flugsæti

Verð frá 63.900 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Vikulegt flug frá 14. apríl til 6. okt. 2011.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 53451 02/11

Æsispennandi
LAGERÚTSALA

Allt að 90% afsláttur!

Útsalan hefst í dag á okkar ástsæla lager að Vesturvör 29 í Kópavogi og stendur dagana 23.-25. febrúar frá kl. 11.00-18.00.
Kíktu við, það er furðulega auðvelt að rata ...



Penninn
Með þér í vinnunni

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga?*

2 *Hvar á landinu var umfangsmikil kannabisræktun stöðvuð um síðustu helgi?*

3 *Hver var forseti Íslands á árunum 1952 til 1968?*

SVÖR

1. Halldór Halldórsson - 2. Á Akureyri - 3. Ásgeir Ásgeirsson

Muammar Gaddafí ætlar hvergi að víkja og hótar mótmælendum öllu illu:

Hvetur til borgarastyrjaldar

LÍBÍA, AP Muammar Gaddafí Líbíuleiðtogi segist ætla að berjast gegn uppreisnarmönnum fram í rauðan dauðann. Hann ætli sér ekki að flýja land og ekki gefa frá sér völdin.

„Ég er baráttumaður, byltingarmaður úr tjöldunum. Ég mun á endanum deyja sem píslarvottur," sagði Gaddafí í sjónvarpsávarpi í gær og hafði í hótunum: „Ég hef ekki enn skipað fyrir um að valdi skuli beitt, ekki enn gefið skipun um að skjóta einni einustu kúlu – en þegar ég geri það, þá mun allt brenna." Stuðningsmenn Gaddafís hafa fjölmennt út á götur í höfuðborginni Trípolí en í Benghazi, næststærstu borg landsins, hafa andstæðingar stjórnarinnar náð undirtökum.

TALAR TIL ÞJÓÐARINNAR Gaddafí þótti ruglingslegur í tali í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Gaddafí hvatti stuðningsmenn sína til þess að ná Benghazi aftur úr höndum uppreisnarmanna og hvatti þar með greinilega til borgarastyrjaldar.

„Sýnum þeim hvernig bylting almennings lítur út," sagði hann. „Farið út frá heimilum ykkar núna strax." Ríkisborgarar annarra landa streymdu frá Líbíu í gær og sendu sum ríki flugvélar til landsins í þeim tilgangi að bjarga eigin fólki þaðan. **- gb**

Hættuleg líkamsárás:

Braut glerglas á höfði manns

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan mann fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 19. september 2010 slegið annan mann í höfuðið með glerglasi sem brotnaði. Síðan hafi hann slegið fórnarlambið ítrekað í andlitið og handleggi, með þeim afleiðingum að sá sem ráðist var á hlaut sár á höfði og eymsli í kjálka, bólgu í kjálkaliðum og bólgur á handleggjum. **- jss**

Utanríkisráðuneytið um Líbíu:

Ræður fólki frá ferðalögum

LÍBÍA Utanríkisráðuneytið ræður Íslendingum frá öllum ferðalögum til Líbíu vegna ótryggs ástands í landinu. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef ráðuneytisins.

Fólki er enn fremur bent á að fylgjast með því hvað Norðurlandaríkin sendi frá sér um málið. Sem stendur er fólki í löndunum alfarið ráðið frá öllum ferðalögum til Líbíu. Ekki er talið að eins ótryggt ástand sé í Barein, en ráðuneytið mælir þó ekki með ferðalögum þangað.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir ráðuneytinu ekki vera kunnugt um að neinir Íslendingar séu á svæðinu. - sv

Eignarnámsland í Hafnarfirði:

Nýtt mat er 50% lægra

SVEITARSTJÓRNIR Land sem Hafnarfjarðarbær tók eignarnámi í Kapelluhrauni í apríl 2008 var 400 milljóna króna virði á þeim tíma segja tveir fasteignasalar sem voru dómkvaddir sem matsmenn af Héraðsdómi Reykjaness.

Um er að ræða sextán hektara land sem Skógrækt ríkisins átti en Hafnarfjarðarbær tók undir atvinnulóðir. Matsnefnd eignarnámsbóta taldi landið 600 milljóna króna virði. Við það mat undi Hafnarfjarðarbær ekki og fékk dómskvadda matsmenn að málinu. Þeir segja að án skipulagsins, sem bærinn lét vinna fyrir landið, hefði það verið 340 milljóna króna virði. **- gar**

FÉLAGSSTÖRF

Aðalheiður endurkjörin

Aðalheiður Steingrímsdóttir hefur verið endurkjörin formaður Félags framhaldsskólakennara. Hún var ein í framboði til embættisins.

Ráðum ekkert við olíuverð

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur snarhækkað í kjölfar mótmælanna í Líbíu og spennunnar í arabaheiminum. „Enginn átti von á þessu," segir innkaupastjóri N1, en bindur vonir við að Sádi-Arabar auki framleiðsluna.

LÍBÍA Olíuverð hefur hækkað mjög vegna ólgunnar í Líbíu og víðar í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda. Í gær fór verðið á hráolíu upp í 108 Bandaríkjadali tunnan og eldsneytisverð hér á landi tók einnig kipp. Litlar vonir virðast á öðru en að það haldi áfram að hækka.

„Eðli málsins samkvæmt ráðum við ekki þróun heimsmarkaðsverðs," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, og segist ekki vera bjartsýnn á þróun olíuverðs frekar en aðrir.

„Hins vegar hefur áður verið gripið til ráðstafana hér á landi af hálfu ráðamanna til þess að mæta háu orkuverði. Fyrir örfáum árum flutti til dæmis núverandi forsætisráðherra þingsályktunartillögu um að stjórnvöld lækkuðu tímabundið vörugjöld á bensíni til að mæta mikilli hækkun með tilheyrandi margföldun á kostnaði heimilanna og þróun vísitölu." Að sögn Runólfs var hlutur ríkisins í hverjum seldum bensínlítra að meðaltali kominn upp í 108,3 krónur nú í janúar, en var 97,5 krónur í janúar 2010 og 76 krónur í janúar 2009.

„Við stöndum frammi fyrir því að ef framleiðsla fellur niður í Líbíu í einhverja daga þá hefur það að minnsta kosti til skemmri tíma slæm áhrif á markaðinn. Sádi-Arabar hafa hins vegar sagst ætla að bæta á markaðinn þeirri olíu sem kynni að detta út ef allt fer í bál og brand í Líbíu og Bandaríkjamenn segja að það sé ekki raunverulegur skortur á olíu í sjálfu sér á markaðnum, heldur sé það spennan sem veldur verðhækkunum," segir Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri hjá N1.

Hann segir ólguna í arabaheiminum hafa komið öllum á óvart. „Ég hafði frekar átt von á að það yrði flatt áfram og myndi jafnvel lækka en þær vonir virðast ekki ætla að rætast."

Olíuframleiðslan í Líbíu er um það bil 1,8 milljónir tunna á dag. Ólgan í landinu hefur þegar haft þau áhrif að framleiðslan hefur minnkað um nærri fimm prósent. Miklu munar um starfsfólk alþjóðlegu olíufyrirtækjanna, sem heldur framleiðslunni að mestu gangandi. Mörg fyrirtækin hafa þegar gripið til þess ráðs að senda starfsfólk sitt úr landi til að stofna ekki öryggi þess í hættu. **gudsteinn@frettabladid.is**

Á FUNDI Í RÍAD Starfsfólk mætir til alþjóðlegu orkuráðstefnunnar sem haldin var í höfuðborg Sádi-Arabíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Verð hækkar vegna mótmæla

Fastlega má reikna með því að olíuframleiðsla í Líbíu dragist verulega saman þegar starfsmenn olíufyrirtækja flýja land. Stór hluti olíu sem keypt er til Evrópu kemur frá Líbíu.



Sparaðu með Miele

Tango Plus hefur verið vinsælasta ryksugan frá Miele á Íslandi árum saman

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Ryksugupokar og filterar eru sérhannaðir fyrir allar Miele ryksugur

Tilboð kr.: 24.900

Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Endurgreiðsluleikur Orkunnar í febrúar

Endurgreiðsla

eða

100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í febrúar **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.

Beint í vasann aftur: Ka-tsjing!

Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttarkorts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort, Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM40047

Aldrei verið sóst eftir mælingum á mengun

Rannsóknastofan sem getur kannað magn PCB eiturefna í gömlum húsum hefur aldrei fengið beiðni um að slíkt sé kannað. Þeir sem taka mengunarhættuna alvarlega halda að greina þurfi sýnin utan landsteinana.

UMHVERFISMÁL Hvorki verktakar né eigendur gamalla bygginga hafa nokkru sinni leitað eftir því að kannað sé hvort PCB-efni, sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, leynist í húsum vegna niðurrifs eða viðhalds. Engin rannsókn hefur heldur verið gerð á því hvort, og þá í hversu miklu magni, PCB leynist í gömlum byggingum. Þeir sem taka mengunarhættuna alvarlega hafa engar upplýsingar um hvert á að leita.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice, hefur vakið athygli á því að fyrst ekki hefur verið sýnt fram á að efnin finnist ekki í skaðlegu magni sé ástæða til að óttast að svo sé. Rannsókn Stefáns árið 2004 á PCB-mengun sýndi að tugi tonna af eiturefnunum er að öllum líkindum að finna í byggingum sem reistar voru hér á árabilinu 1956 til 1980. Það hafa sérfræðingar Umhverfisráðuneytisins staðfest, og telja enga ástæðu til að halda að minna sé af efnunum en í nágrannalöndunum.

Kristín Ólafsdóttir, deildarstjóri eiturefnadeildar hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands, segir að stofan gæti annast rannsókn á PCB-efnum í byggingum og úrgangi vegna niðurrifs eða viðhalds. Hins vegar hafi aldrei verið farið fram á slíkt. „Það værum við sem myndum gera slík próf ef það væri einhver eftirspurn eftir því.“ Kristín segir að klárlega sé PCB að finna í gömlum byggingum hér á landi en ekki liggi fyrir rannsóknir á því í hversu miklu magni.

NIÐURRIF Um 800 íbúðir í eigu Félagsbústaða voru reistar á þeim tíma sem PCB var notað í byggingarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

STEFÁN GÍSLASON

Stefán Gíslason telur hins vegar að návist við efnin hafi mikla heilsufarsáhættu í för með sér og það sé ástæðan fyrir því byggingaverkamenn sem vinna við viðhald og niðurrif séu taldir í sérstakri hættu.

Félagsbústaðir, hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar sem á og rekur félagslegar leiguíbúðir, hafa um árabil haft þá vinnureglu að umgangast gamlar byggingar í þeirra eigu með það í huga að af þeim stafi mengunarhætta, þar á meðal vegna PCB. Þórarinn Magnússon, forstöðumaður framkvæmdadeildar Félagsbústaða, segir að prufur hafi verið teknar til að kanna efnainnihald við viðhald bygginga Félagsbústaða. Þær séu hins vegar enn í geymslu. „Við gáfumst upp á að láta rannsaka þetta hérna heima og gefum okkur það að þetta sé mengað.“ **svavar@frettabladid.is**

SKÍÐA- OG BRETTAFATNAÐUR

40% AFSLÁTTUR

Gildir til 28. febrúar

VERÐDÆMI: 13.790 (fullt verð 22.990)

MCKINLEY BELU W SKI JACKET

Skíðajakki úr exodus-efni með 5.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Dömustærðir.

VERÐDÆMI: 11.990 (fullt verð 19.990)

FIREFLY FLOYD M JACKET

Snjóbrettajakki úr efni sem andar vel og hrindir frá snjó og léttu regni. Herrastærðir.

SKÍÐA- OG BRETTAPAKKAR

30% AFSLÁTTUR

Gildir til 28. febrúar

VERÐDÆMI: 55.990 (fullt verð 79.980)

TECHNO PRO / SALOMON SKÍÐAPAKKI

Techno Pro Safine Candy dömuskíði og bindingar og Salomon Divine X4 skíðaskór.

INTERSPORT

REGENOVEX

NÝTT

Regenovex hentar öllum sem leita að bættri heilsu í liðum en kjósa náttúrulegar lausnir fram yfir lyf m.a. vegna mögulegra aukaverkana þeirra.

Hreyfing á að veita unað ekki sársauka

Fann mun eftir einn mánuð

„Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og stundað fjallgöngur undanfarin ár. Um mitt síðasta sumar fór ég að finna fyrir miklum verkjum í hnjám og gat ekki stundað göngur eða íþróttir eftir það. Eftir nokkra mánuði þegar ég hafði náð litlum bata var mér bent á að prófa Regenovex vörurnar. Eftir einungis u.þ.b. mánaðar notkun fór ég strax að finna mun á mér og gat farið að stunda hlaup og fjallgöngur á ný. Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex, það er vel þess virði ef maður getur byrjað að hreyfa sig á ný.“

Einar Már Aðalsteinsson, 44 ára

Kynntu þér málið á regenovex.is

Fæst í apótekum

Lögreglan leitar þjófa:

Stálu gámi fullum af dósum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum leitar nú eins eða fleiri sem stálu gámi í eigu björgunarsveitarinnar á Drangsnesi.

Um er að ræða dósasöfnunargám sem staðsettur er við heitu pottana við þjóðveginn er liggur í gegnum þéttbýlið á Drangsnesi. Þjófnaðurinn uppgötvaðist á sunnudaginn 13. febrúar. Ef einhver hefur upplýsingar sem varpað gætu ljósi á málið er sá beðinn að hafa samband við lögregluna á Vestfjörðum í síma 450-3730. **- jss**

Rannsóknarmiðstöð um ofbeldi opnuð í Háskólanum á Akureyri:

Markmiðið miðstöðvarinnar að útrýma ofbeldi

SAMFÉLAGSMÁL Rannsóknarmiðstöð um ofbeldi var opnuð í Háskólanum á Akureyri á mánudag. Markmiðið með miðstöðinni er að útrýma ofbeldi.

Rannsóknarmiðstöðin verður í samvinnu við samsvarandi stofnanir og félög, bæði hér á landi og erlendis, þar með talið UNICEF. Staðið verður fyrir málþingum og ráðstefnum til að breiða út þekkingu á ofbeldi og afleiðingum þess. Einnig verður meðferð í boði fyrir þolendur ofbeldis.

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri, er stofnandi miðstöðvarinnar. Hún segist hafa fengið hugmyndina í janúar þegar hún var búin að liggja yfir rannsóknarniðurstöðum um þolendur ofbeldis og sjá svart á hvítu hversu alvarlegar afleiðingar það hefur. Sigríður segir það gerlegt að ná markmiði samtakanna, að útrýma ofbeldi alveg, en langt sé í land.

„Maður á að láta sig dreyma stórt. Og við látum okkur dreyma um ofbeldislaust Ísland sem allra fyrst," segir Sigríður. „Við höfum öll óbeit á ofbeldi og okkur finnst það öllum ógeðslegt. En þetta er sums staðar mjög falið og ég legg ríka áherslu á að ég lít svo á að allt ofbeldi sé mannréttindabrot."

FORSVARSMENN MIÐSTÖÐVARINNAR Sigrún Sigurðardóttir forstöðumaður, Ágúst Þór Árnason lögfræðingur og dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor við stofnun samtakanna. MYND/HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Miðstöðin hefur keypt lénið www.ofbeldi.is og þar verða hinar ýmsu upplýsingar aðgengilegar er varða ofbeldi og afleiðingar þess. „Við viljum að allir þeir sem eru að fræðast um ofbeldi og afleiðingar þess geti nálgast upplýsingar um það á einum stað," segir Sigríður.

Allir starfsmenn miðstöðvarinnar eru sjálfboðaliðar, en meðlimir í stjórninni eru fjórtán talsins, frá hinum ýmsu starfssviðum samfélagsins. **- sv**

Könnun á gistirýmum:

1.800 gistirými eru ekki á skrá

VIÐSKIPTI Rúmlega 1.800 gistirými á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri eru án starfsleyfa. Þetta kemur fram í könnun sem Samtök ferðaþjónustunnar gerðu nýlega, en þetta jafngildir því að um 15 prósent gistirýma á höfuðborgarsvæðinu séu rekin án leyfa og um 30 prósent á Akureyri.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að niðurstaðan sé sláandi.

Í ljósi væntanlegra laga um álagningu gistináttagjalds hafa gistihúsaeigendur áhyggjur af því hvernig stjórnvöld muni innheimta gjaldið á réttmætan hátt ef svo stór hluti markaðarins kemst upp með að starfa án leyfa. - þj

ÞVEGIÐ HJÁ ISS Stefnt er að því að skrá ræstingafyrirtækið á hlutabréfamarkað á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skrá ISS á hlutabréfamarkað:

Stærsta útboðið í sautján ár

VIÐSKIPTI Eigendur alþjóðlega ræstinga- og fasteignaumsýslurisans ISS hyggjast skrá félagið á hlutabréfamarkað í Kaupmannahöfn á næstunni.

Áætlað er að hlutafjárútboð skili 13,3 milljörðum danskra króna, jafnvirði 285 milljarða íslenskra króna. Gangi það eftir verður þetta stærsta skráning á hlutabréfamarkað í sautján ár, eða síðan gamli landssíminn þar í landi, TDC, var skráður á hlutabréfamarkað árið 1994.

ISS úti hefur starfrækt ISS á Íslandi í um ellefu ár, eða frá því að fyrirtækið keypti ræstingadeild Securitas árið 2000. **- jab**

Fólk í greiðsluaðlögun:

Avant heldur samningum

EFNAHAGSMÁL Avant er fyrsta fjármögnunarfyrirtækið sem hefur samþykkt kröfur Samtaka lánþega (SL) og riftir ekki lánasamningum til bílakaupa við fólk í greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara.

Að mati SL eiga slíkar riftanir sér enga stoð í lögum, né er að finna heimild til slíkra riftana í samningsskilmálum þeirra lána sem um ræðir.

Í tilkynningu frá SL fagna samtökin þeim skilningi sem Avant sýnir viðskiptavinum sínum með þessu og beina í framhaldinu þeim tilmælum til SP-Fjármögnunar að fyrirtækið fari að lögum og stundi eðlilega viðskiptahætti. - sv

skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankakerfið er yfirmannað og útibú of mörg.

Hagrætt í þágu skattgreiðenda

Fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðakerfisins stendur nú yfir og á að sjá fyrir endann á henni á næstu vikum, eins og sagt var frá í úttekt Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins, í síðustu viku. Skattgreiðendur hafa verið búnir undir að þeir muni þurfa að leggja talsvert fé, jafnvel á bilinu 12 til 20 milljarða, í Sparisjóð Keflavíkur til að halda honum gangandi. Staða sparisjóðsins er hins vegar enn óljós og talsmaður fjármálaráðuneytisins vildi ekkert tjá sig við Markaðinn um upphæðir fyrr en hún skýrðist betur.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eitt er hins vegar ljóst. Það er ekki hægt að fara fram á að skattgreiðendur leggi fé í óbreyttan rekstur, til dæmis á Sparisjóði Keflavíkur. Sá sparisjóður rekur sex útibú á Suðurnesjum og átta á Vestfjörðum. Stóru viðskiptabankarnir komast af með eitt útibú á hvoru svæði og telja ekki rekstrargrundvöll fyrir fleirum. Í þessu kerfi hlýtur að þurfa að hagræða duglega ef verja á peningum almennings til að halda því gangandi.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins, segir í samtali við Markaðinn að ekki eigi að útiloka neitt við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Til greina komi að sameina tvo eða fleiri sjóði í einn, loka útibúum og selja eignir út úr kerfinu, til dæmis upplýsingatæknifyrirtækið Teris. Elín segir sparisjóðina hafa byggt upp dýrt kerfi og það verði að breytast.

Staðreyndin er sú að íslenzkir bankar og sparisjóðir reka allt of mörg útibú og eru með of margt fólk í vinnu miðað við það sem gerist í nágrannalöndunum. Í ársskýrslu Bankasýslunnar kemur fram að þrátt fyrir bankahrun og fækkun starfsfólks í fjármálastofnunum er hlutfall bankastarfsmanna á vinnumarkaði áfram eitthvert það hæsta á Vesturlöndum.

Íbúar á hvert bankaútibú eru hér líka miklu færri en víðast gerist. Svo virðist sem íslenzkar fjármálastofnanir hafi ekki náð að nýta til fulls þau tækifæri sem liggja til dæmis í bankaþjónustu á netinu, þar sem flestir geta nú sinnt öllum algengustu erindum við bankann sinn í tölvunni heima.

Sparisjóðirnir reka þriðjung allra bankaútibúa á landinu, sem er langt umfram það sem markaðshlutdeild þeirra segir til um. Hagræðingartækifærin liggja líka í augum uppi hjá öðrum fjármálastofnunum. Landsbankinn, sem nú er ríkisbanki, rekur enn níu útibú á Austurlandi, svo dæmi sé tekið. Það er alveg áreiðanlega of dýr rekstur, sérstaklega ef skattgreiðendur vilja fá eðlilega ávöxtun á það fé sem þeir hafa lagt bankanum til.

Reglan er sú að þegar bankaútibúi er lokað eða það sameinað nágrannaútibúinu rís mikil mótmælaalda. Það væri miklu nær að skattgreiðendur fögnuðu duglega í hvert skipti sem hagrætt er í óhagkvæmu bankakerfi. Sérhver lokun dregur úr líkunum á því að skattgreiðendur þurfi að leggja meira af sínum peningum í fjármálakerfið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nei

Þingmaðurinn Vigdís Hauksdóttir er ötull fyrirspyrjandi. Varla líður sá dagur að ráðherrar þurfi ekki að svara spurningum hennar. Það er út af fyrir sig hið besta mál, þótt spurningarnar séu misjafnar. Um daginn dembdi hún sjö spurningum um njósnatölvumálið á Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ein var á þessa leið: „Vöknuðu einhverjar spurningar hjá forseta þegar í ljós kom að tölvan var tengd inn á netið 28. desember 2009, sama dag og umræður um Icesave hófust á ný?" Spurningin er furðuleg, en svar Ástu skorinort: „Nei."

Stilla sig

Allt er á suðupunkti fyrir botni Miðjarðarhafs. Uppreisn er gerð gegn hverjum einræðisherranum á fætur öðrum. Mótmælendur eru skotnir á götum úti. Ólgan breiðist um arabaheiminn á ógnarhraða. Margir hafa orðið til að tjá sig um ástandið. Össur Skarphéðinsson sakar Líbíumenn um stríðsglæpi. Flestir eru sammála um að þarna eigi sér stað í meira lagi sögulegir atburðir. Afleiðingarnar eru gríðarlegar. Til dæmis hefur olíuverð rokið upp. Og hvað hefur Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri hjá N1, til málanna að leggja? Jú, spennan er afleit fyrir olíuverðið. Og: „Það er bara vonandi að mönnum takist að stilla sig."

Kóráhrifin

Runólfur Ólafsson, formaður íslenskra bifreiðaeigenda, hefur að vonum miklar áhyggjur af hækkandi bensínverði. Í samtali við Vísi í gær nefnir hann meðal annars að kórastarf á landsbyggðinni sé farið að líða fyrir verðið. Fólk tími ekki lengur að keyra á æfingar. Það er slæmt. En líklega eru nánast allar aðrar afleiðingar hækkandi bensínverðs enn verri.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Náum tökum á offitu og sykursýki

Heilbrigðismál

Vilborg Þ. Sigurðardóttir
sérfræðingur í hjartasjúkdómum

Bylgja Valtýsdóttir
verkefnastjóri Euro Heart f.h. Hjartaverndar

Yfir 20 ár eru liðin síðan sænska matvælastofnunin kynnti nýtt merki, hið svokallaða Skráargat, sem er merking framleiðenda á hollum matvörum. Í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru matvörur merktar með græna skráargatinu til að auðvelda neytendum að gera greinarmun á hollustu matvæla. Vörurnar sem mega bera Skráargatið innihalda minna magn af sykri, salti og fitu eða meira af trefjum en aðrar vörur í sömu matvælaflokkum.

Hvaða þýðingu getur þetta haft á lýðheilsuna? Rannsóknir Hjartaverndar síðustu 25 ára sýna að mikill ávinningur hefur náðst af fræðslu almennings um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma. PLoS ONE rannsókn Hjartaverndar sýndi að dánartíðni Íslendinga vegna kransæðasjúkdóms lækkaði um 80% á aldursbilinu 25-74 ára. Þrír fjórðu hlutar þessarar lækkunar voru vegna lækkunar kólesteróls eða blóðþrýstings, minni reykinga og aukinnar hreyfingar í frítíma. Fjórðungur þessarar lækkunar skýrðist af breytingum á meðferð og aðgerðum við kransæðasjúkdómi. Á sama tíma jókst hins vegar sykursýki og offita, sem hækkaði dánartíðni kransæðasjúkdóma.

Vel þekkt er að sykursýki er náinn fylgifiskur offitu. Mikilvægt er að átta sig á skaðlegum afleiðingum offitu, s.s. sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini, þegar verið er að meta kosti og galla við íhlutun í samfélaginu. Sykursýki er jafnframt eitt helsta heilsufarsvandamálið í dag og krefst mikils af heilbrigðisþjónustunni og vegur þungt í áhættu hjarta- og æðasjúkdóma. Þrátt fyrir ótrúlegan árangur af baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma eru þetta enn algengustu dánarorsakir jafnt hjá konum sem körlum. Eins og rannsóknir sýna er offita og sykursýki vaxandi vandamál þjóðarinnar, ekki síst meðal ungu kynslóðarinnar. Það er því óneitanlega áhyggjuefni að okkur takist ekki að viðhalda þessum góða árangri án frekari aðgerða.

Norðurlandaríkin hafa myndað með sér samstarf um hollustumerkingu matvæla og hefur Matvælastofnun Íslands til skoðunar að fylgja þessu fordæmi hér á landi, en það hefur jafnframt verið baráttumál Neytendasamtakanna og Lýðheilsustöðvar til langs tíma. Í fréttum hefur komið fram að Siv Friðleifsdóttir hefur lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi, ásamt þingmönnum úr öllum flokkum, um að landbúnaðarráherra taki málið upp. Við verðum að stíga skrefið til fulls og auðvelda neytendum að velja hollari matvöru til að leggja lið baráttunni við offitu og hjarta- og æðasjúkdóma eins og nágrannaríki okkar hafa þegar gert.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Hvernig á ákvæðið um þjóðareign að hljóða?

Auðlindamál

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Það muna e.t.v. ekki margir eftir því en vorið 2007 átti að setja ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá. Ákvæðið sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hugðist setja í stjórnarskrána hljóðaði svo:

„Náttúrurauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda og lögaðila skv. 72.gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum."

Þetta leyfðu stjórnmálamenn sér þá. Skyldi það vera samhljóða þessu, ákvæðið sem sömu flokkar vilja nú setja í stjórnarskrá? Orðalagið ber með sér að þar voru tæpast hugsjónamenn að setja á blað það sem þjóðinni var efst í huga heldur læðist að manni sá grunur að orðalagið hafi verið sótt eitthvert allt annað.

Sátt þýðir að báðir aðilar gefa eftir

Í öllum deilum gildir að ef aðilar vilja sátt slá báðir af kröfum og mætast á miðri leið. Hagfræðingur LÍU fullyrti í grein hér í blaðinu í síðustu viku að samtök hans vildu raunverulega sátt um fiskveiðar, sem ég hafði áður dregið í efa. Svo hægt sé að staðreyna raunverulegan vilja LÍÚ til sáttar um veiðigjald ætti hann að telja upp þau atriði sem LÍU hefur verið reiðubúið að gefa eftir, allt frá því að útvegsmönnum voru afhent fiskimiðin. Ég bíð spenntur eftir þeirri upptalingu. Það málamyndaveiðigjald sem lagt hefur verið á útgerðina var ekki lagt á að undangenginni umræðu eða í neinni sátt við þjóðina heldur voru það aðeins æfingar innan eins stjórnmálaflokks. Enda er það gjald hvergi tekið alvarlega heldur einfaldlega lækkað þegar LÍÚ fer fram á ölmusu úr hendi ríkisins líkt og var á árinu 2009.

Aftur til fortíðar með nýju Verðlagsráði sjávarútvegsins

Ótrúlegt er að á árinu 2011 skuli vera til samtök sem telja sig vera þess umkomin að geta samið fyrir heila atvinnugrein um sama veiðigjald sem henti öllum fyrirtækjum innan hennar. Nokkurn veginn þannig var því farið þegar fiskverð var ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Í kjölfar flestra ákvarðana Verðlagsráðsins var svo gengi krónunnar fellt til að bjarga sjávarútvegsfyrirtækjunum. Hvernig halda menn að það verði ef „semja" á um verð á aflaheimildum?

Afkoma fyrirtækja ræðst af aðstöðu þeirra en fyrst og fremst útsjónarsemi eigendanna. Þekking á greiðslugetu einstakra fyrirtækja er aðeins á færi fyrirtækjanna sjálfra og einfaldast að þau láti hana í ljósi með tilboðum á frjálsum markaði.

LÍÚ neitaði upphaflega að taka þátt í því nefndarstarfi sem leiddi til niðurstöðu um tilboðsleiðina og einnig svokallaða samningaleið. Þeir sáu að sér og komu svo að því starfi og tóku þ.a.l. þátt í að þróa þessar tvær leiðir.

Einfaldast er að spyrja eigandann, þjóðina sjálfa, hvora leiðina sem LÍÚ hjálpaði til við að þróa, þjóðin vill fara. Allt annað væri óeðlilegt.

Gengi krónunnar og leigugjald fyrir kvóta

Sjávarútvegsmál

Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Fyrir nokkru leyfði ég mér að draga athygli lesenda Fréttablaðsins að upplýsingum Hagstofu Íslands um afar góða afkomu veiða og vinnslu á fyrsta heila árinu eftir hrun. Þessar upplýsingar falla ekki vel að fullyrðingum talsmanna stærri útgerðarfyrirtækja. Þeir hafa haldið því fram að kæmi til þess að útgerðin þyrfti að greiða leigu eða afgjald fyrir afnot af sjávarauðlindinni myndi horfa til auðnar í greininni. Hagstofutölurnar sýna að gjaldþol greinarinnar er umtalsvert, hvað sem barlómi talsmanna hennar líður.

Hagfræðingur LÍÚ minnir á, í grein hér í blaðinu 19. febrúar, að á tímum handaflsstýringar og haftabúskapar hafi gengi íslensku krónunnar verið stillt í samræmi við óskir og þarfir útgerðarinnar. Væri sömu reglu beitt nú, segir hann, myndi aukinn tilkostnaður útgerðaraðila koma fram í lækkuðu gengi krónunnar. Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi sýna Hagstofutölurnar að væri farið að gömlu verðlagsráðsverðsformúlunni mætti hækka gengi krónunnar verulega! Sú staðreynd, hversu lágt gengi krónunnar er nú og afkoma útgerðar góð, sýnir glögglega að staða útgerðarinnar er ekki lengur einráð um gengisskráninguna, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Í öðru lagi greiða útgerðarmenn afgjald fyrir afnot af auðlindinni nú þegar, beint þegar um leigu á kvóta er að ræða, óbeint þegar útgerðarmaður ákveður að nota „eigin" kvóta frekar en að leigja hann frá sér. Það að leigugjaldið renni til eiganda auðlindarinnar í stað handhafa kvótans breytir engu um rekstrarskilyrði útgerðarinnar þó það hafi vissulega áhrif á efnahag handhafa kvótans. Það eru tvö óskyld mál.

Sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands heldur því fram í grein þann 22. febrúar að undirrituðum sé eitthvað í nöp við aflamarkskerfið. Þetta er rangt. Aflamarkskerfið og önnur skyld kerfi skila því hlutverki mætavel að draga úr útgerðarkostnaði. Þetta hef ég sagt m.a. á ráðstefnum þar sem sérfræðingur Lagastofnunar var viðstaddur. Vandinn við hina íslensku útfærslu kvótakerfisins er að arðurinn af auðlindinni rennur allur til örfárra útvalinna. Ég hef ítrekað talað fyrir því að sá agnúi verði sniðinn af kerfinu. Nú liggja á borðinu hugmyndir um svokallaða tilboðsleið. Tillögur Jóns Steinssonar og Þorkels Helgasonar um útfærslu á þeirri leið myndu færa um helminginn af tekjum af auðlindinni til eiganda auðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar. Það er lausn sem flestir ættu að geta unað við.

> Vandinn við íslensku útfærslu kvótakerfisins er að arðurinn af auðlindinni rennur allur til örfárra útvalinna. Ég hef ítrekað talað fyrir því að sá agnúi væri sniðinn af kerfinu.

Í akademískri umræðu er þess krafist að þátttakendur geri grein fyrir hugsanlegum hagsmunatengslum. Mér er ljúft að upplýsa að sem Íslendingur hef ég hagsmuni af að íslenskur almenningur njóti tekna af auðlindum í þjóðareigu. LÍÚ greiðir hluta af kostnaði við sérfræðingsstöðu Helga Áss Grétarssonar. Það er lágmarkskurteisi við lesendur Fréttablaðsins að þeim sé gert viðvart um slík tengsl.

ÁSBRÚ HEILSUÞORP

Hvernig stuðlum við að bættri heilsu barnanna okkar?

Heilsuþorpið Ásbrú, Kadeco og Keilir bjóða landsmönnum upp á opinn fyrirlestur með Dave Jack, einum aðalfyrirlesara Þjálfarabúða Heilsuskóla Keilis, næstkomandi miðvikudagskvöld kl. 20.00.

Fyrirlesturinn fer fram í Andrews leikhúsinu að Ásbrú í Reykjanesbæ.
Í samfélaginu mælist vaxandi heilsubrestur almennings.
Jack beinir athyglinni að börnum og fjallar um hvað foreldrar geta gert til að stuðla að bættri heilsu barna sinna.

SKISSA



Um Dave Jack:
Árið 2008 valdi tímaritið Men's Health Dave Jack einn besta þjálfara Bandaríkjanna. Dave hefur á undanförnum árum aflað sér mikilla vinsælda sem þjálfari og fyrirlesari. Dave vinnur jafnhliða með topp íþróttamönnum og almenningi og hefur mikla ástríðu fyrir bættu almennu heilsufari. Dave vakti mikla athygli með verkefninu „Truth on Health" sem hann vann með Paul Pierce, fyrirliða NBA liðs Boston Celtics, sem og með verkefninu „FitSchools", sem er hvatakerfi fyrir bætta íþróttakennslu innan skóla í Bandaríkjunum. Dave er einn aðalfyrirlesara á þjálfarabúðum Heilsuskóla Keilis sem verða haldnar næstu helgi.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Kadeco

Múslímar og fordómar

Fordómar

Karim Askari
talsmaður Menningarseturs múslíma

Akureyringur tekur eftir því hve margir Akureyringar hafa náð langt á sviði íþrótta, stjórnmála, mennta og lista. Sem Íslendingur ertu eflaust stoltur af því hversu margir Íslendingar eru að gera góða hluti úti í hinum stóra heimi. Akureyringur tekur eftir öðrum Akureyringum en gleymir jafnharðan öllum tengslum Egilsstaðabúa eða Ísfirðinga við sína heimabyggð. Og hvað geturðu nefnt marga Nýsjálendinga sem hafa skarað fram úr á sínu sviði, bara einhverju sviði? Ef þeir eru nokkrir má áreiðanlega telja þá á fingrum annarrar handar.

Þetta þýðir auðvitað ekki að Akureyringar séu líklegri en Ísfirðingar til að skapa sér sess eða skara fram úr, hvað þá að Íslendingar séu Nýsjálendingum miklu fremri á alþjóðavísu. Þarna er um að ræða svokallaða staðfestingarvillu. Flestir eru stoltir af sínum uppruna, taka eftir því þegar „þeirra menn“ ná langt en annað nær sjaldnar eyrum þeirra og fellur jafnharðan í gleymskunnar dá.

En þessi villa getur líka verkað á hinn bóginn. Ef þú ert sannfærður um fáfræði sveitamanna, flottræfilshátt borgarbúa eða feiknatekjur sjómanna er líklega enginn hörgull á dæmum sem þú getur talið upp og eftir því sem árunum fjölgar festast þessar hugmyndir í huga þér með enn fleiri dæmum. Fordómar eiga þannig til að styrkjast og eflast í hugum manna vegna staðfestingarvillunnar.

Menn segja að fordómar byggi oftast á fáfræði. Þú þyrftir ekki að dvelja lengi í sveit eða borg eða þekkja marga sjómenn til að sjá hversu fáránlegar svona alhæfingar eru, í raun nægir eflaust að hugsa málið aðeins og tína til dæmi sem ganga þvert á fordóma þína. Gildir það sama kannski um hugmyndir þínar um múslíma og íslam?

Um það bil einn til einn og hálfur milljarður manna telst múslímar og þá er að finna í flestum löndum heims. Alhæfingar um svo mikinn og ólíkan fjölda manna eru auðvitað ákaflega hæpnar. Langflestir Íslendingar teljast kristnir en svo er ákaflega misjafnt hversu trúaðir þeir eru og hugmyndir þeirra um Guð eru líka mismunandi. Það sama á við um múslíma í íslam.

Líkt og aðrir eru múslímar stoltir af menningu sinni og trú, það er sammannlegt, hver sem menningin eða trúin er. Hver og einn þekkir ótal dæmi um það besta í sinni menningu og trú, lítur oft framhjá því slæma en hefur tilhneigingu til að tortryggja það sem er framandi, jafnvel óttast það og fordæma ef hann heldur að sinni menningu eða trú stafi ógn af menningu og trú „hinna“.

Múslímar þekkja söguna um Múhameð spámann, hvað hann var hjartahreinn og mikill umbótasinni. Þeir vita að með íslam gjörbreyttist trúarlíf og menning til hins betra. Kristnir þekkja söguna um Jesú og kristni á sama hátt. Múslímar eru stoltir af hraðri útbreiðslu íslam á 7. öld til 10. aldar og blómaskeiðinu í listum og fræðum frá 10. öld til 16. aldar. Vissir þú að einmitt þegar Evrópa var að koðna niður á myrkum miðöldum voru það múslímar, allt frá Spáni, þvert yfir N-Afríku og Arabíu til Indlands, sem héldu á lofti arfi grísku heimspekinganna? Þá þyrsti í þekkingu og þeir söfnuðu saman og gerðu afrit af öllum þeim bókum sem þeir komu höndum yfir, greiddu fyrir þær með þyngd þeirra í gulli. Þeir bættu líka við heimspeki Grikkjanna, stærðfræði Indverja, gerðu merkar uppgötvanir í stjörnufræði, fullkomnuðu áveitukerfi og hreinlæti, lýstu upp borgir sínar og byggðu bæði hallir og moskur sem við getum ekki annað en dáðst að enn í dag. Án múslíma hefði upplýsingin og endurreisnin sennilega aldrei orðið í Evrópu.

Ef að líkum lætur er þessi saga þér framandi því henni er ekki haldið á lofti hér. Þú tengir múslíma eflaust við hryðjuverk og afturhald enda er fréttaflutningur af múslímum því miður svo til allur á þeim nótum.

Með Menningarsetri múslíma á Íslandi viljum við reyna að leiðrétta þessa mynd, auka gagnkvæma þekkingu og skilning múslíma og annarra á menningu og trú.

Múslímar eiga sína svörtu sauði, rétt eins og kristnir menn, en við viljum horfa á það jákvæða og vinna að því sem byggir upp og sameinar um leið og við fordæmum það neikvæða, sem rífur niður og sundrar.

Upplýsingafundur um stöðu menntunar í flutningagreinum 25. febrúar 2011

Staða og framtíð náms í flutningagreinum

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis boðar til upplýsingafundar um stöðu menntunar í flutningagreinum. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 25. febrúar 2011, kl 08.30 – 11.00 í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35, í fundarsal á 6. hæð.

Meginmarkmið þessa fundar er að vekja áhuga á námi í flutningagreininni innan formlega skólakerfisins hér á landi. Framsögumenn munu kynna hvernig staðan er í dag og varpa ljósi á mikilvægi þessarar faggreinar til framtíðar á Íslandi.

Dagskrá:

08.30 – 08.40 **Morgunkaffi**

08.40 – 08.50 **Setning**
Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu

08.50 – 09.10 **„Frá Brasilíu til Búðardals“**
Auður Þórhallsdóttir fulltrúi SA í starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina

09.10.– 09.30 **Hvað þarf til að verða forstjóri flutningafyrirtækis?**
Emil B. Karlsson forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

09.30 – 09.50 **Hvaða möguleikar eru í stöðunni?**
Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans

09.50 – 10.10 **Diplómanám í flutningafræðum við Opna háskólann í HR**
Kristján M. Ólafsson hagverkfræðingur, rekstrarráðgjafi hjá Netspor og stundakennari við HR

10.10 – 10.30 **Ísland í lykilhlutverki í samgönguneti framtíðar**
Húni Heiðar Hallsson lögfræðingur og heimskautaréttarfræðingur

10.30 – 11.00 **Umræður**

Fundarstjóri er Ólafur Finnbogason fulltrúi SA í starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina

Fundurinn er opinn og þátttakendum að kostnaðarlausu. Kaffi og meðlæti.
Skráning er á edda@idan.is eða lisbet@svth.is fyrir 24. febrúar n.k.

Starfsafl · Samskip · Pósturinn · SVÞ · Starfsgreinasamband Íslands · VR · Eimskip

Hvaða framandi lífverur eru umhverfisvandamál á Íslandi? Seinni hluti

Náttúruvernd

Sautján manna hópur skógfræðinga og annarra fræðimanna
skrifar um skógrækt og náttúruverndarlög

Hópur fjórtán vistfræðinga mundar stílvopnið í grein í Fréttablaðinu þann 20. janúar síðastliðinn, undir yfirskriftinni „Ágengar framandi lífverur eru umhverfisvandamál“. Helstu rök sem fjórtánmenningarnir færa fyrir nauðsyn á altæku banni, með sértækum eftir á undanþágum, við innflutningi og dreifingu framandi lífvera er annars vegar þeirra eigin túlkun á því hvað felst í aðild Íslands að alþjóðasamningum og hins vegar að þeir sjálfir og að heita má allt „vistfræðasamfélagið“ sé sammála þeirri túlkun. Fyrir hvorugri skoðun eru færð viðunandi rök í greininni og heldur ekki í frumvarpstillögunum um breytingar á völdum kafla náttúruverndarlaganna. Hitt þarf hin íslenska þjóð að fá að vita, að í hinum alþjóðlega fræða- og vísindaheimi er mjög að aukast gagnrýni á „innrásarlífræðina“ meðal vistfræðinga, fyrir skort á gagnrýni, raunprófunum og öðrum viðurkenndum vísindalegum vinnubrögðum. Verulegar efasemdir eru komnar fram um vísindalegar forsendur þeirra staðhæfinga sem hafðar eru uppi og það óljósa orðfæri um þá „gríðarlegu ógn sem líffjölbreytni stafar af framandi ágengum tegundum“. Sérstaklega á það við um hlut plantna sem orsök tegundaútrýmingar eða minnkandi líffjölbreytni þótt tilflutningur þekktra afránsdýra sé varhugaverður.

> Hvergi í íslenskum rannsóknum hefur heldur komið fram að innflutningur og dreifing á framandi lífverum hafi valdið tjóni á líffræðilegri fjölbreytni hérlendis nema helst sú að minkur hefur breytt varphegðun fugla

Hvergi í íslenskum rannsóknum hefur heldur komið fram að innflutningur og dreifing á framandi lífverum hafi valdið tjóni á líffræðilegri fjölbreytni hérlendis nema helst sú að minkur hefur breytt varphegðun fugla og hugsanlega haft önnur staðbundin áhrif. Engri plöntutegund hefur verið útrýmt af innfluttum plöntutegundum svo vitað sé og fjölbreytni gróðurríkisins hefur sannanlega aukist þegar talið er í tegundum og fjölbreytileika vistkerfa. Við sjáum merki þess hvar sem við förum um landið okkar. Margar eftirsóknarverðar fuglategundir hafa fundið sér búsvæði og fjöldi nytsamra skordýra einnig. Það kann að vera að menn greini á um útbreiðslu einstakra tegunda á einstökum svæðum – en tjón á eiginlegri líffjölbreytni hefur ekki verið sýnt fram á. Því teljum við óþarfa að setja um slíkt íþyngjandi lög sem leggjast sem lamandi hönd yfir samfélagið en ná samt ekki tilgangi sínum. Vilji fjórtánmenningarnir sannfæra fólk um að fjárhagslegur, heilsufarslegur eða umhverfislegur skaði af einhverjum tilteknum tegundum sé meiri en ágóðinn, þá hafa þeir öll tækifæri til þess. Þeir geta t.d. farið að stunda rannsóknir á áhrifum framandi tegunda hér á landi og þá haft þær af þeim gæðum sem duga til að fá þær birtar í ritrýndum tímaritum. Á slíkar vísindalegar niðurstöður yrði hlustað. Skógargeirinn hefur verið tilbúinn að stuðla að slíkum rannsóknum, m.a. með verkefninu Skógvist sem unnið var af samviskusemi fyrir nokkrum árum og sýndi fram á að líffjölbreytni (tegundafjölbreytni) minnkaði ekki þegar skógar erlendra trjátegunda voru ræktaðir á mólendi og líffjölbreytnin í þeim skógum var síst minni en í skóglendum innlendra tegunda. Enda er talið að skógar heims hýsi um 80% lífbreytileika á landi.

Samkvæmt sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni skipta vernd og sjálfbær nýting líffræðilegrar fjölbreytni miklu máli í tengslum við að mæta fæðu-, heilsufars-, og öðrum þörfum sífellt fleira fólks í heiminum og í þeim tilgangi er mikilvægt að hafa aðgang að og deila bæði erfðaauðlindum og tækni. Samkvæmt þessu eru nytjaplöntur sameiginleg arfleifð alls mannkyns. Innflutningur nytjaplantna er, hefur verið og mun áfram verða til aukinnar hagsældar fyrir íbúa þessa heims og ein helsta leiðin til að fullnægja sívaxandi þörfum íbúa jarðarinnar fyrir endurnýjanlegar auðlindir í heimi vaxandi fólksfjölda. Þetta er inntakið í Rio-samningnum en ógn af völdum framandi lífvera er aukaatriði.

Gagnrýnin hugsun er einnig ein af forsendum framfara og hornsteinn góðs fræðasamfélags. Trúarkennd og villandi samsuða loðinna og þokukenndra hugtaka sem sett er fram af „fræðasamfélagi“, að því er virðist í þeim eina tilgangi að valda ruglingi, hafa pólitísk áhrif og láta tilganginn helga meðalið, er ekki líkleg til að auka hróður þess samfélags né bæta orðræðuna í samfélaginu almennt. Við gerum kröfu á hendur þessum félögum okkar í heimi raunvísinda um vísindalega grundaða umræðu og vandaðri vinnubrögð. Vísindaleg niðurstaða verður ekki sönnuð með neinum meirihluta. Til þess að viðunandi sátt náist um niðurstöðu er öllu meira gagn af vönduðum rannsóknum ásamt opinni og hreinskiptinni umræðu meðal fræðimanna og sem víðast í samfélaginu.

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skóg- og erfðafræðingur, formaður Skógfræðingafélags Íslands; dr. Þröstur Eysteinsson, sviðstjóri þjóðskóganna, Skógrækt ríkisins, (SR); dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands (GÍ); dr. Alexander Robertson, skógfræðingur, prófessor emeritus; Barbara Stanzeit, líffræðingur, fræmeistari GÍ; Björn B. Jónsson, skógfræðingur; framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda (LSE); Brynjólfur Jónsson, skógfræðingur, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands (SÍ); dr. Dóra Lúðvíksdóttir, læknir; Edda Björnsdóttir, formaður LSE; Einar Gunnarsson, skógfræðingur, SÍ; Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur, varaformaður GÍ; Jón Loftsson, skógfræðingur, skógræktarstjóri, SR; Magnús Gunnarsson, viðskiptafræðingur, formaður SÍ; Ragnhildur Freysteinsdóttir, umhverfisfræðingur, SÍ; Sigríður Hjartar, lyfja- og sagnfræðingur, fv. formaður GÍ; Valborg Einarsdóttir, garðyrkjufræðingur, framkvæmdastjóri, GÍ; dr. Ragnar Árnason, prófessor við Hagfræðideild HÍ.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Eitt flottasta úrval landsins

TILBOÐ!

BAÐINNRÉTTINGAR

32.900*

P-7197 55x32 sm

23.800*

P-7202 44x24 sm

32.900*

P-9042 46x26 sm

ALLIR VINNA allirvinna.is

* Blöndurnartæki fylgja ekki þessum innréttingum

15.900*

WLU 125 45 x 30 sm

WC upphengt með öllu frá kr. 29.900

15.900

WC í gólf 21 sm í stút

15.900

WC með stút í vegg

CT baðinnrétting 55 sm 59.900*

2 GERÐIR • 4 STÆRÐIR

STURTUhorn

til afgreiðslu af lager

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

24.900

CE ISO 9001

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

23.900

CE ISO 9001

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



Verð frá 27.900

BAÐHLÍFAR nokkrar stærðir og gerðir



160x70 sm 170x70 sm



150x75 sm 160x75 sm 170x75 sm

BAÐKÖR Verð frá 26.800 Emilerað stál / Fætur fylgja

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Ágúst Flygenring
verkfræðingur
Reykjavíkurvegi 39 (Tungu)
Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 25. febrúar klukkan 13.00.

Margrét D. Bjarnadóttir
Birna G. Flygenring — **Albert Baldursson**
Garðar Flygenring
Erna Flygenring — **Pétur Þór Gunnarsson**
Bjarni Sigurðsson — **Helga B. Sveinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Hallur Jónasson
bifreiðarstjóri,
Lindarbrekku, Varmahlíð, Skagafirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 20. febrúar s.l. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Aðalbjörg Anna Jónsdóttir
Steinunn Helga Hallsdóttir — **Gunnar Randver Ágústsson**
Jónas J. Hallsson — **Inga Hanna Dagbjartsdóttir**
Hafdís Hallsdóttir — **Bjarni Ingvarsson**
Jónína Hallsdóttir — **Einar Einarsson**
og afabörn

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Hálfdán Hannesson
Árskógum 8, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Inga María Hannesson
Helgi Hálfdánarson
Gunnar Hálfdánarson — **Erla Dóris Halldórsdóttir**
Sigrid Hálfdánardóttir — **Guðjón Magnússon**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Ingvi Sigurðsson
hæstaréttarlögmaður,

lést mánudaginn 21. febrúar 2011 á Hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigurður Guðmundsson — **Sigríður Snæbjörnsdóttir**
Þórður Ingvi Guðmundsson — **Guðrún Salome Jónsdóttir**
Þórunn Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Bergur Sigurpálsson
Tjarnarmýri 41,

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 19. febrúar.

Bjarni Reynir Bergsson
Sigurpáll Bergsson — **Hjördís Harðardóttir**
Bergur Bergsson — **Sigrún Ólafsdóttir**
og barnabörn



†

Elskulegur sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Júlíus Fossberg Friðriksson
Rauðumýri 10, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þann 4. febrúar. Útförin fór fram í Höfðakapellu þann 15. febrúar í kyrrþey að ósk hins látna.

Laufey Árnadóttir
Hreiðar Júlíusson — **Ragnhildur Aðalsteinsdóttir**
Friðrik Júlíusson
Jarþrúður Júlíusdóttir — **Ægir Sævarsson**
barnabörn og bræður.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Ólöf P. Jóhannsdóttir
frá Hellissandi,
Gautlandi 19 Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 17. febrúar. Kveðjuathöfn verður í Fossvogskirkju föstudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Útförin fer fram í Ingjaldshólskirkju laugardaginn 26. febrúar kl. 12.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þorgerður Elín Halldórsdóttir
Jóhann Þór Halldórsson — **Þórlaug Arnsteinsdóttir**
Hafdís Halldórsdóttir — **Páll Pálsson**
Ragnheiður G. Halldórsdóttir — **Vilhjálmur Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

Nanna Helga Ágústsdóttir

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 24. febrúar kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast látið líknarfélög njóta þess.

Fyrir hönd fjölskyldu og ástvina,
Margrét Ámundadóttir — **Guðmundur Gunnar Einarsson**
Jón Örn Ámundason — **Erna Hrólfsdóttir**
ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Arason

lést að heimili sínu Þórólfsgötu 15, Borgarnesi, sunnudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju, laugardaginn 26. febrúar klukkan 14.00.

Kristín Haraldsdóttir
Haraldur Bjarnason — **Katrín Regína Frímannsdóttir**
Sigríður Bjarnadóttir
Ari Bjarnason — **Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir**
Bjarni Haraldsson, Kolbrún Stella Karlsdóttir, Kristín Haraldsdóttir, Haraldur Ari Karlsson, Tinna Björk Aradóttir, Karólína Haraldsdóttir, Brynja Aud Aradóttir, Bjarni Arason, Karl Jóhann Örlygsson.

UMSKIPTI Baldur Benjamínsson hjá LK segir ýmislegt hafa breyst til batnaðar í landbúnaði á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA: 25 ÁRA

Margt breyst til hins betra

Aldarfjórðungur er liðinn frá stofnfundi Landssambands kúabænda (LK), hagsmunagæslufélags nautgripabænda á Íslandi. Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK, segir verkefni félagsins hafa tekið breytingum síðustu ár.

„Segja má að LK hafi verið stofnað á tímamótum árið 1986, þegar sett var á laggirnar nokkuð umdeilt framleiðslustjórnunarkerfi sem þurfti að móta, en síðan þá hefur landslagið gjörbreyst," segir hann. „Út frá jákvæðu sjónarhorni má segja að tæknibylting hafi átt sér stað hérlendis. Nú er hending að snert sé á heyi með öðru en dráttarvél, og mjaltaþjónar eru orðnir 115 þótt aðeins tólf ár séu síðan sá fyrsti var tekinn í notkun. Framlegðin hefur því aukist þótt mjólkurframleiðendum hafi fækkað umtalsvert frá árinu 1986," bendir hann á og bætir við að greinin sé því tæpast eins vinnuaflsfrek og áður.

„Á móti má segja að hún sé talsvert fjárfrekari og á þessu afmælisári verður helsta verkefni LK að glíma við skuldamálin, sérstaklega aðfangahækkanir sem eru gríðarlega miklar og meiri til okkar framleiðslu en almennt verðlag. Við höfum auðvitað þurft að taka okkar skell í hruninu eins og aðrir og allt rekstrarumhverfi er erfiðara eftir mikið uppbyggingar- og endurnýjunarskeið undangengin ár. Því er óhætt að segja að kúabændur hafi á síðustu árum upplifað tímana tvenna."

Þá segir Baldur bændur vera uggandi vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. „Við sjáum ekki annað en að það hefði víðtækar og alvarlegar afleiðingar að opna landið fyrir óheftum innflutningi á mjólkurvörum, að innlend framleiðsla drægist saman um 30 til 50 prósent í kjölfarið. Eðli málsins samkvæmt eru kúabændur því andvígir aðild að sambandinu en þetta er þó ekki mál sem er í sérstökum forgangi hjá okkur í ár enda er langt þar til það fer að skýrast betur."

Aðspurður segir Baldur fleira vera á döfinni hjá LK; næst sé aðalfundur á Akureyri í mars. „Þar ætlum við að leggja drög að stefnumörkun greinarinnar til næstu tíu ára. Hingað til hefur sú vinna að miklu leyti snúist um að gera greinina samkeppnishæfari, burtséð frá ESB, því enda þótt engin raunveruleg vandamál séu við framleiðsluna og neysla á mjólkurvörum sé töluverð er tilkostnaðurinn mikill og hann þurfum við að lækka."

Baldur segir enga afmælisveislu áætlaða í ár. „Ekki er annað fyrirhugað en árshátíð í Sjallanum á Akureyri í mars," segir hann og bætir við að kúabændur muni þó minna á sig með ýmsum hætti á árinu og séu þrátt fyrir allt bjartsýnir. „Við verðum að vera það þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Matvælaverð er í eina átt, upp á við, þannig að mikilvægi greinarinnar er til lengri tíma litið síst minna en er og hefur verið."

roald@frettabladid.is

†

Elskulegur faðir minn og afi okkar,

Páll Straumberg Andrésson
Palli í Múla,

er látinn. Útförin verður gerð frá Reykhólakirkju laugardaginn 26. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Akraneskirkjugarði sama dag. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum njóta þess.

Pálína Straumberg Pálsdóttir
Páll Straumberg Guðsteinsson
Oddur Andrés Guðsteinsson.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á fjölbreytt úrval dagsferða, í öllum erfiðleikaflokkum, allt árið um kring. Má þar nefna fjallgöngur, jöklagöngur, ísklifur og léttar göngur. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, fjallaleidsogumenn.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Blöndunartæki
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás

Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara

praxis
... Þegar þú vilt þægindi

Leðurskór. Svartir.
Verð á par 14.990 kr.

California, með hrágúmmísóla.
Til í svörtu og hvítu. Stærðir
35-46. Verð 12.990

Opið mán. – fim.
kl. 11–17

fös. og lau.
kl 11–16

Verona sportskór. Til í svörtu og hvítu.
Stærðir 36-42. Verð 7.900 kr.

Bonito ehf. Praxis,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is

Fyrsta ökugerði landsins verður að öllum líkindum vígt við Reykjanesbrautina í lok sumars.

Ökugerði rís á Reykjanesi

Fyrirtækið Nesbyggð er komið langt á veg með byggingu svokallaðs ökugerðis við Reykjanesbrautina, sunnan Grindavíkurvegar. Þar munu ökunemar og fleiri geta æft rétt viðbrögð við ólíkar aðstæður í akstri. „Ísland er eina vestræna ríkið sem er ekki með ökugerði, en rætt hefur verið um byggingu slíks í hátt í fjörutíu ár," segir Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB. Hann nefnir sem dæmi að 36 ökugerði séu í Danmörku, yfir tuttugu í Noregi og um sextíu í Bretlandi.

Ökugerðin hafa að sögn Ólafs mikil áhrif á umferðaröryggi. „Sem dæmi eru aftanákeyrslur algengastar hjá ungum ökumönnum og það er einfaldlega vegna þess að þeir hafa aldrei prófað að bremsa við mismunandi aðstæður," segir hann. Einnig bendir Ólafur á að fyrir nokkru hafi verið sett lög

;Á FERÐINNI | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á FERÐINNI

Mercedes-Benz er 125 ára Af því tilefni var nýverið efnt til hátíðarhalda í Stuttgart í Þýskalandi, sem munu standa út þetta ár. Þar í borg er safn tileinkað Mercedes-Benz sem hýsir margt spennandi í ár og þar á meðal skemmtilega hugmyndabílinn á myndinni.

KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

Á svæðinu verður að finna eftirfarandi æfingabrautir:
- Svigbraut með keilum
- „pop-up" braut til að æfa viðbrögð (með vatnssúlum)
- Malbikaður vegur með köntum
- Bein hálkubraut fyrir hemlunaræfingar
- Hálkubraut í beygju
- Hálkubraut í beygju með 10% halla
- Malarbraut

Þjónustuhúsið verður með yfirsýn yfir allt æfingasvæðið. Æfingum ökunema er hægt að stjórna í gegnum talstöðvarkerfi. Í húsinu er meðal annars gert ráð fyrir stjórnklefa með útsýni, móttökuaðstöðu, fjórum kennslustofum, skrifstofum, kaffiaðstöðu, viðgerðaraðstöðu og geymslum fyrir hvers kyns æfinga- og kennslutæki.

Búið er að steypa upp fyrstu hæð þjónustuhússins á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framhald af forsíðu

um að allir sem taki bílpróf þurfi að fara í ökugerði, en hingað til hafa þeir getað æft sig á fyrrverandi athafnasvæði Strætisvagna Reykjavíkur við Kirkjusand.

Ökugerðin munu þó ekki aðeins nýtast nýnemum, að sögn Ólafs. „Þau nýtast einnig þeim sem taka meirapróf, til að æfa neyðarakstur og sparakstur, í vörukynningar og fyrir flotarekendur," segir Ólafur, en algengt er úti í löndum að fyrirtæki komi árlega eða oftar með starfsfólk sitt í nokkurs konar endurmenntun. „Þá nýtast þessi ökugerði einnig í hvataferðir, í bílakynningar umboðanna og svo mætti lengi telja."

Ökugerðið er hluti af metnaðarfullri hugmynd um byggingu kappakstursbrautar á Reykjanesinu. Kreppan slökkti á þeirri hugmynd en svæðið hafði þó verið skipulagt með slíkt í huga. „Við eignuðumst síðan átta hektara landsvæði fyrir einu og hálfu ári þar sem búið var að hugsa fyrir ökugerði, og réðumst í framkvæmdir fyrir ári," segir Páll Harðarson, byggingastjóri Nesbyggðar sem sér um byggingu ökugerðisins. „Búið er að undirbyggja brautina og við erum að steypa upp þjónustuhús. Stefnan er að ljúka þessu seint í sumar en það fer eftir fjármögnun," segir Páll, sem er ánægður með að Byggðastofnun hafi veitt Nesbyggð lán upp á 200 milljónir króna. Þegar verki Nesbyggðar lýkur mun rekstrarfélag taka við rekstrinum. En eru engir draumar um að byggja kappakstursbraut? „Nei, við erum of jarðbundnir til þess," svarar Páll glettinn.

solveig@frettabladid.is

ÞESSI ER MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.



Afar auðvelt í uppsetningu

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
visir.is

Enskuskóli Erlu Ara – enskafyriralla.is
Enska í Englandi fyrir 13-15 ára
2 kennsluvikur (19.6.-2.7) í Kent School of English
Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann
Skráning í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com
Verð: ca. 190 þúsund. Innifalið: flug, gisting, fullt fæði, ferðir og skóli.
Sjá nánar á enskafyriralla.is

TILBOÐ
STAKAR STÆRÐIR
á kr. 4.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Á beinu brautina að nýju

Þegar kemur að skuldavanda fyrirtækja eru ýmis úrræði í boði hjá Byr.

Starfsemi fyrirtækja er mjög mismunandi og úrvinnsla skuldavanda þeirra því misjöfn. Við mælum ávallt með að viðskiptavinir okkar komi og ræði beint við sinn tengilið hjá Byr, sem fer með honum yfir málin og hvaða úrræði henti honum best. Í framhaldi vinna báðir aðilar svo í sameiningu að lausninni sem vonandi kemur fyrirtækinu á beinu brautina að nýju.

ÚRRÆÐI FYRIR LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Lítil og meðalstór fyrirtæki sem skulda minna en 1.000 m.kr. eiga þess nú kost, að nokkrum skilyrðum uppfylltum, að nýta sér úrræðið „Beina brautin“. Úrræðið felur í sér að laga heildarskuldir fyrirtækisins að endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði þess. Þær skuldir sem eftir standa eru strax felldar niður. Um er að ræða samkomulag sem byggir á sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja og er því ákveðins jafnræðis gætt við úrvinnslu þessara mála. Samvinna er hér lykilorð en allir verða að leggja sitt af mörkum til að niðurstaðan verði sem farsælust fyrir alla. Byr stefnir á að öll fyrirtæki sem falla undir þessa lausn verði komin með tillögu um hvernig skuldavandi þeirra verður leystur fyrir 1. júní næstkomandi.

Einar Birkir Einarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Byrs.

FASTAR GREIÐSLUR ERLENDRA LÁNA

Úrlausnir vegna erlendra lána hafa eðlilega verið mikið í umræðunni. Forsendur fyrirtækja fyrir því að fjármagna sig í erlendri mynt eru mjög mismunandi og Byr hefur því skoðað hvert mál fyrir sig. Í því óvissuástandi sem íslensk króna hefur verið er mikilvægast að gera fyrirtækjum kleift að greiða miðað við getu, frekar en að leggja áherslu á að færa þau í íslenska mynt. Þau fyrirtæki sem tekið hafa erlend lán hafa um þó nokkurt skeið átt þess kost að greiða fastar greiðslur af erlendum lánum sem miðaðar eru við greiðslubyrði þessara lána eins og hún var 2. maí 2008. Þetta stendur öllum fyrirtækjum áfram til boða þar til niðurstöður hafa fengist í þessum málum og krónan hefur leitað jafnvægis af sjálfsdáðum.

Við hvetjum alla viðskiptavini okkar til að leita til viðskiptastjóra eða ráðgjafa um þær leiðir sem í boði eru og hvernig við getum aðstoðað.

Einar Birkir Einarsson

Hvað getum við gert fyrir þig?

Þegar heimili standa frammi fyrir skuldavanda eiga þau oft erfitt með að taka fyrsta skrefið í að leita sér aðstoðar. Í slíkum tilfellum finnst mér nauðsynlegt að þau leiti strax til síns viðskiptabanka og kanni hvaða leiðir séu færar. Við munum þá fara yfir málin með þeim, greina þarfir þeirra og finna með þeim bestu lausnina. Þau úrræði sem eru í boði eru þó nokkur og getur verið erfitt fyrir fólk að skilja þau og meta hvaða lausn henti best.

HVAÐA ÚRRÆÐI ERU Í BOÐI?

Í stuttu máli snýst þetta um að laga greiðslubyrði að greiðslugetu viðkomandi. Það leiðir til þess að viðskiptavinurinn nær endum saman og ræður við mánaðarlegar greiðslur sínar. Við hjá Byr leggjum mikla áherslu á að hraða úrlausnum vegna greiðsluvanda sem mest og hefur því verið sett saman sérstakt teymi innan Byrs sem einungis vinnur í þessum málum.

ERLEND HÚSNÆÐISLÁN

Þeir viðskiptavinir okkar sem eru með erlend húsnæðislán eiga von á þeim endurútreiknuðum í heimabankanum á næstu dögum en lánin voru endurútreiknuð í kjölfar lagasetningar frá Alþingi númer 151/2010. Miðað hefur verið við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabanka Íslands eins og ákvæðið í frumvarpinu gerir ráð fyrir.

Ýlfa Proppé Einarsdóttir, útibússtjóri Byrs í Hraunbæ.

Komdu í heimsókn. Það er ýmislegt sem ég og mitt samstarfsfólk getum gert fyrir þig en fyrst og fremst viljum við fá þig í heimsókn. Við munum taka vel á móti þér.

Ýlfa Proppé Einarsdóttir

● FÁÐU BETRI YFIRSÝN YFIR FJÁRMÁLIN Þegar kemur að fjármálunum er nauðsynlegt að vera með skipulagið á hreinu. Þá er gott að vera með heimabanka sem sér um fjármálin með þér. Ef það hentar þér til dæmis betur að greiða ávallt sömu mánaðarlegu fjárhæðina í útgjöld gæti netgreiðsluþjónusta verið rétta lausnin, en með henni má til að mynda dreifa stórum útgjaldaliðum eins og tryggingum yfir allt árið. Þú getur stjórnað greiðsluþjónustunni sjálfur í heimabankanum án kostnaðar eða látið okkur sjá um þetta, allt eftir því hvað hentar þér best. Í heimabankanum finnur þú einnig sjálfvirkt heimilisbókhald sem flokkar útgjöldin. Þannig sérðu hvar þú getur helst sparað. Þá býður heimabankinn þér upp á að setja þér sparnaðarmarkmið til framtíðar.

● FÆRÐU BESTU ÞJÓNUSTUNA? Með því að vera með öll viðskipti á sama stað færðu betri yfirsýn yfir fjármálin og aukinn ávinning sem felst til að mynda í betri fríðindum. Viðskiptavinir Byrs hafa í auknum mæli skráð sig í Vildarþjónustu Byrs enda hefur þjónustan tekið miklum breytingum. Lögð er áhersla á að þessi hópur viðskiptavina okkar fái það besta sem er í boði, bæði hjá Byr og samstarfsaðilum. Allir sem eru með launareikning, heimabanka og kreditkort hjá Byr eiga kost á að nýta sér þjónustuna en árgjöld kreditkortanna eru niðurgreidd ef ákveðinni veltu er náð. Meðal annarra fríðinda eru frí debetkort og frábær tilboð hjá samstarfsaðilum, sem eru Argentína steikhús, Atlantsolía, Bláa lónið, Caruso, Greifinn, Hreyfing, Pro golf, Sambíó, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Þjóðleikhúsið. Njóttu þess besta og skráðu þig í Vildarþjónustu Byrs.

Hver er rétta lausnin fyrir þig?

Hafðu samband við okkur hjá Byr – saman finnum við réttu lausnina.

Lausnir fyrir heimilin

- 110% leiðin
- 5.000 kr. fastar greiðslur erlendra lána
- Greiðslujöfnun
- Lenging lánstíma
- Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
- Vanskil lögð við höfuðstól
- Sértæk skuldaaðlögun

Lausnir fyrir fyrirtæki

- Beina brautin
- Greiðslubyrði erlendra lána aðlöguð að greiðslugetu
- Skilmálabreyting

BYR

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

● HVERT SKAL LEITA?

Fólk í greiðsluerfiðleikum getur fengið aðstoð og upplýsingar á nokkrum stöðum:

- Umboðsmaður skuldara veitir fólki sem á í greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa ráðgjöf, sem felst í að aðstoða fólk við að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðuna eins og hún er í dag og leita leiða til úrbóta. www.ums.is
- Íbúðalánasjóður býður upp á nokkur úrræði vegna greiðsluerfiðleika. Helstu leiðir eru samningar, skuldbreyting, frestun á greiðslum og lenging lánstíma.
- Meðlagsgreiðandi getur leitað úrræða hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna vanskila. www.medlag.is
- Bankar og aðrar lánastofnanir og fjármálafyrirtæki veita ráðgjöf um leiðir til að leysa úr greiðsluerfiðleikum.
- Hægt er að sækja um réttaraðstoð til nauðasamninganefndar til að standa straum af kostnaði við að koma á nauðasamningi.

Heimild: Ísland.is

● HVAR SKAL KAUPA BENSÍNIÐ?

Vefsíðan www.gsmbensin.is er verðkönnunarþjónusta fyrir bensín- og olíuverð. Upplýsingum um verð olíufélaganna er aflað reglulega og birtar þær tíu stöðvar sem hafa lægsta verðið hverju sinni. Einnig er hægt að leita eftir landsvæðum.

● LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

Vefsíðan reiknivel.is aðstoðar fólk við að finna hvaða þjónustuleiðir fjarskiptafyrirtækjanna henta því. Við útreikningana er notað uppgefið verð í verðskrám fyrirtækjanna en ekki er tekið tillit til pakkatilboða eða vinaafsláttar.

● ORKUSPARNAÐUR

Meðalheimili á Íslandi eyðir árlega í kringum 300 til 600 þúsund krónum í orkukaup. Með auðveldum hætti má draga verulega úr þessum kostnaði með því að spara orku í formi hita, rafmagns og olíu. Á vef Orkuseturs eru gefin góð ráð varðandi orkusparnað sem vert er að kynna sér. orkusetur.is

HÉR ERU TÍU GÓÐ RÁÐ:

- Lækkið innihita niður í 20°C
- Slökkvið alveg á raftækjum, ekki skilja þau eftir í biðstöðu
- Hafið glugga lokaða nema við gagngera loftun
- Gangið eða hjólið styttri vegalengdir
- Fyllið ávallt þvottavél og uppþvottavél
- Hafið lok á pottum og pönnum og þekið alla helluna
- Setjið gluggatjöld fyrir glugga að næturlagi
- Vistakstur með mjúkum akstri og réttum loftþrýstingi í dekkjum
- Ekki byrgja ofna með húsgögnum eða gluggatjöldum
- Farið í sturtu frekar en bað

Það margborgar sig að gefa sér nægan tíma í matvöruversluninni til að bera saman verð og kjör.

Nokkur sparnaðarráð

Mörgum þykir það vandasamari list en áður að láta launin duga út mánuðinn. Því hefur sjaldnar verið nauðsynlegra að sýna útsjónarsemi. Þar getur margt smátt í sparnaði gert kraftaverk.

● Að versla alltaf í lágvöruverðsverslun er ekki ávísun á lágan matarreikning, sérstaklega ekki sé sú aðferð notuð að hlaupa í gegnum búðina og grípa með sér það sem maður heldur að maður þurfi. Vilji fólk virkilega spara þarf að fara sér hægt í gegnum búðina, bera saman verðið á þeim þremur ananastegundum sem eru í boði, skoða hvaða ávaxtasafi er á besta tilboðinu og sértilboðin sem eru breytileg milli vikna. Því lengri tíma sem þú eyðir í búðinni, þeim mun líklegra er að þú þefir uppi hvernig þú getur gert bestu kaupin.

● Annað gott ráð sem er engin geimvísindi fyrir marga um þessar mundir enda hafa margir tekið upp á því á þrengri tímum, er að gera matseðil fyrir vikuna. Þá er lagt upp með að versla einu sinni í viku inn til heimilisins og farið eftir því sem á að vera í matinn. Gott er að miða matseðilinn við hvaða tilboð eru hverju sinni í matvöruverslunum.

● Til eru sérstakar sparnaðarráðssíður á internetinu. Á Facebook er til að mynda íslensk sparnaðarráðssíða sem heitir einfaldlega Sparnaðarráð. Flettu henni upp næst þegar þú skráir þig inn á Facebook. Eitt nýjasta ráðið á síðunni er að setja sjampó í dæluglas sem skammtar lítið; þar með notar maður minna af sjampóinu í hvert skipti.

● Kynntu þér annarra manna sparnaðarráð, svo sem á Barnalandi, er.is. Farðu í leitargluggann á síðunni og skrifaðu „sparnaðarráð“. Smá sýnishorn: „Ef þú ferð með háar upphæðir í mjólkurvörur, svo sem jógúrt og osta, er hægt að minnka útgjöldin til dæmis með því að kaupa súrmjólk og setja út í hana ávaxtagrauta eins og jarðarberja eða hindberjagraut sem gefa gott ávaxtabragð og er einnig til sykurskert. Mögru brauðostarnir eru ódýrari en þeir feitu.“

● Það er ótrúlegt hvað má spara mikið á einni viku, með mjög einföldu ráði: Ekki kaupa neitt. Ekki kaupa kertin sem þér finnst þig nauðsynlega vanta, ekki láta klippa á þér hárið (sítt hár er hvort eð er í tísku) og ekki fá þér nýja pottaleppa þótt hinir séu sjúskaðir; notaðu bara tvö viskustykki í staðinn. Það er ótrúlegt hvað má spara á einum mánuði með því að ímynda sér að maður hafi einfaldlega enga aðra búð en matvöruverslunina til að versla í.

Margs konar sparnaðarsíður er að finna á internetinu, meðal annars á Facebook.

Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



Sparið með Landsbankanum

Fátt er mikilvægara en að ná góðri yfirsýn yfir fjármál heimilisins. Til þess að öðlast hana þarf að halda gott bókhald yfir útgjöldin, vita hvað maður ætlar að gera fyrir peningana sem verða afgangs, vita hvernig maður ætlar að ávaxta það sem er umfram og fylgjast vel með ráðleggingum sérfræðinga. Landsbankinn býður þjónustu á öllum þessum sviðum.

REGLUBUNDINN SPARNAÐUR

Með reglubundnum sparnaði getur þú komið þér upp varasjóði, sparað til lengri tíma á sparireikningi með allt frá 500 kr. á mánuði eða byggt upp eignasafn með áskrift að sjóðum með allt frá 5.000 kr. innleggi á mánuði. Mánaðarleg kaup í verðbréfasjóði minnka viðskiptakostnað og draga úr sveiflum í ávöxtun í samanburði við staka fjárfestingu fyrir stærri upphæð. Í hverjum mánuði hljóta tveir heppnir viðskiptavinir, sem hafa verið í reglubundnum sparnaði í sjóðum í a.m.k. eitt ár, 20.000 kr. viðbót við eign sína. Heppnin getur því verið með þeim sem spara reglulega.

GREIÐA NIÐUR SKULDIR

Ein leið til sparnaðar er að greiða niður skammtímaskuldir. Slík niðurgreiðsla getur verið skynsamlegasta skrefið í fjármálum heimilisins. „Lækkaðu yfirdráttinn“ er þjónusta sem Landsbankinn býður viðskiptavinum sem vilja lækka skuldir sínar til skamms tíma, svo sem yfirdráttarlán eða greiðslukortaskuldir.

Í megindráttum virkar þjónustan þannig að þú gerir samkomulag um að greiða ákveðna upphæð mánaðarlega til lækkunar á láninu og við bjóðum þér hagstæðari vaxtakjör.

VARASJÓÐUR

Góður varasjóður getur komið í veg fyrir að óvænt eða mikil útgjöld, s.s. viðgerðir og viðhald, kaup á heimilistæki eða sumarfrí fjölskyldunnar setji fjárhaginn úr skorðum.



Með því að setja þér markmið og leggja fyrir verður til varasjóður þar sem þú færð vexti í stað þess að borga þá. Sjóðurinn þarf að vera aðgengilegur og án langtímabindingar. Þá getur draumurinn orðið að veruleika án þess að greitt sé fyrir hann eftir á.

LANGTÍMASPARNAÐUR

Það getur borgað sig að hugsa nokkur ár fram í tímann og byggja upp sjóð með það fyrir augum að eiga fyrir breytingum á heimilinu, myndarlegri greiðslu inn á íbúða- eða bílakaup eða safna fyrir framtíð barnanna. Sjóðurinn verður auðveldlega að veruleika þegar þú setur þér markmið um upphaf og endi sparnaðarins.

LÍFEYRISSPARNAÐUR

Með lífeyrissparnaði getur þú byggt upp langtímasparnað sem veitir þér meiri möguleika á auknum ráðstöfunartekjum á efri árum og sveigjanlegum starfslokum. Við viljum ráðleggja þér að huga að lífeyri með samspili lögbundins lífeyrissparnaðar, viðbótarlífeyrissparnaðar og reglubundins sparnaðar.

Fræðsla og fróðleikur

FJÁRHAGUR – BLOGG UM FJÁRMÁL

Á Fjárhag, fjármálabloggi Landsbankans, ritar starfsfólk bankans stuttar og hnitmiðaðar bloggfærslur um fjármál og tengd efni. Greinarnar á Fjárhag eru af ýmsum toga, þar á meðal skýringar á fjármálahugtökum, ráðleggingar um fjármál heimilisins, upplýsingar um viðburði á vegum bankans, ritdómar um bækur og margt fleira. Meðal þess sem fjallað hefur verið um á blogginu er útreikningur vaxta, verðbólga og verðtrygging, fjármálalæsi ungmenna, fjárhagsleg markmið og fleira.

Markmiðið með útgáfunni er að bæta fjármálalæsi almennings. Við hvetjum viðskiptavini til að fylgjast með á Fjárhag og senda okkur ábendingar um áhugaverð viðfangsefni á netfangið fjarhagur@landsbankinn.is. Fjárhagur er á heimasíðu bankans, landsbankinn.is.

HEIMILISBÓKHALDIÐ Í TÖLVUNNI

Heimilisbókhaldið í Einkabankanum er þjónusta sem veitir þér góða yfirsýn yfir fjármál heimilisins á myndrænan hátt. Heimilisbókhaldið er mjög einfalt og auðskilið og því fylgir engin fyrirhöfn og enginn kostnaður.

Með einum smelli í Einkabankanum birtist fullbúið heimilisbókhald í notendavænu umhverfi þar sem nær allar færslur hafa verið flokkaðar sjálfvirkt. Notendur þurfa ekki að slá neinar tölur inn sjálfir – heimilisbókhaldið sér um það fyrir þá. Niðurstöður birtast myndrænt í kökuritum og þannig fæst einstök yfirsýn yfir það hvernig útgjöld skiptast niður í einstaka útgjaldaflokka.

HELSTU KOSTIR

- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Samkvæmt könnun PricewaterhouseCoopers, sem framkvæmd var haustið 2010, eru netbankanotendur á Íslandi ánægðastir með netbanka Landsbankans. Heildaránægja með Einkabankann mældist 4,51 af 5 mögulegum. Síðastliðið vor var þjónusta við Einkabankanotendur bætt enn frekar þegar ný farsímalausn var kynnt og geta viðskiptavinir bankans nú sinnt bankaviðskiptum sínum hvar og hvenær sem er í símabankanum á l.is.

● SKATTFRAMTAL Á NETINU Veffframtal einstaklinga verður opnað í byrjun mars, ásamt umsókn um frest. Skilafrestur er til 23. mars en framlengdur frestur er til 29. mars.

Á vefsíðunni www.skattur.is er hægt að fá upplýsingar um allt sem snýr að skattframtalinu, bæði leiðbeiningar um útfyllingu skattskýrslunnar og svör við ýmsum vandamálum sem geta komið upp við skráningu gagna.

www.skattur.is

● AÐ FORÐAST GREIÐSLUVANDA Fáðu raunverulega yfirsýn yfir útgjöld og tekjur heimilisins með því að færa heimilisbókhald.

- Settu þér markmið og fylgdu þeim eftir. Til dæmis hvaða útgjaldaliði megi lækka eða jafnvel losna við.
- Semdu strax við kröfuhafa ef greiðslubyrði þín er of há miðað við tekjur. Erfitt getur verið að snúa við þegar vanskil byrja að hlaðast upp.
- Kynntu þér rétt þinn og skyldur, til dæmis í skattamálum. Fólk á oft rétt á fleiru en það gerir sér grein fyrir.

Heimild: www.ums.is

Skattskýrslan enginn höfuðverkur

Margir hafa löngum kviðið því að fylla út skattskýrsluna. Framtalið er þó alltaf að verða einfaldara og gagnlegar upplýsingar aðgengilegri á netinu.

„Fyrir einstakling sem er venjulegur launamaður og ekki í rekstri er framtalsgerðin á netinu alltaf að verða einfaldari," segir Elín Alma Arthúrsdóttir, sviðsstjóri hjá ríkisskattstjóra. Hún segir þá daga liðna þegar kvíða þurfti flóknum útreikningum fram á nætur.

„Nei, fjölskyldustemmingin þarf ekki að fara úr skorðum út af þessu. Framtalið er orðið mjög aðgengilegt hjá yfirgnæfandi meirihluta fólks," útskýrir hún og bendir á nýjung sem kom í gagnið á síðasta ári, svokallað Einfaldað framtal, þar sem allar upplýsingar hafa þegar verið settar inn.

„Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum opnast þessi útgáfa þegar viðkomandi fer inn á sitt vefsvæði á skattur.is og ekkert þarf að gera annað en líta yfir og ýta á Senda. Það er stefnan hjá okkur að gera sem allra mest fyrir gjaldandann og við höfum verið að einfalda framtalið gegnum árin en þessi nýjung er enn einfaldari."

Elín segir þó alltaf skynsamlegt að renna yfir upplýsingarnar, hvort eitthvað vanti og hvort tölur séu réttar. Ef viðkomandi sér að eitthvað hefur vantað eftir að búið er að senda framtalið er hægt að fara inn gegnum þjónustusíðu viðkomandi á skattur.is og senda inn athugasemd. Eftir álagningu er einnig hægt að kæra ef í ljós kemur að eitthvað hefur misfarist. Elín bendir einnig á ýmsar gagnlegar upplýsingar á vef Ríkisskattstjóra, rsk.is.

„Þar er meðal annars að finna reiknivélar



Einfaldað framtal var tekið í gagnið á síðasta ári en þar hafa allar upplýsingar þegar verið settar inn og ekkert þarf annað að gera en senda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þar sem hægt er að reikna til dæmis út hvað viðkomandi á að fá í barnabætur eða vaxtabætur eftir þeim forsendum sem settar eru inn. Einnig getur fólk sent inn fyrirspurnir um einstök mál og fengið leiðbeiningar," bendir Elín á og segir fyrirspurnum hafa fjölgað talsvert eftir hrun. Algengast sé að fyrirspurnirnar tengist skuldamálum heimilis og fyrirtækja, úttektum á séreignarsparnaði og eftirgefnum skuldum. Yfirleitt fáist svar samdægurs en það geti tekið lengri tíma eftir eðli fyrirspurnarinnar. - rat

Safnað fyrir framtíðinni

5.000 krónur á mánuði er algengasta upphæðin.

„Við hrunið má segja að Íslendingar hafi hætt að leggja fyrir í sparnað, enda skiljanlegt þegar mikil óvissa ríkti um eignir þeirra og skuldir, og fólk þurfti á hverri krónu að halda sem afgangs var í launaumslaginu. Nú hefur dæmið snúist við aftur því mikil aukning er í reglubundnum sparnaði einstaklinga, þar sem 5.000 krónur eru algengasta upphæðin, en líka allt upp í tugi þúsunda á mánuði," segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB – Eignastýringar Íslandsbanka sem þjónar viðskiptavinum á sviði almenns sparnaðar, eignastýringar, verðbréfaviðskipta og lífeyrismála.

„Í kjölfar hrunsins lærðu margir hversu miklu ódýrara það er að spara fyrir hlutunum en að taka lán eða yfirdrátt, en það er afar dýr lífsmáti. Nú sjáum við marga stofna reikninga sérstaklega eyrnamerkta utanlandsferðum eða öðru sem til stendur að kaupa og aftur er orðið algengt að fólk spari fyrir börnin sín, en þá leggur það inn mánaðarlega ákveðna upphæð á Framtíðarreikning sem bundinn er til 18 ára aldurs eða verðtryggða ríkisskuldabréfasjóði," segir Björn, en báðir kostir fela í sér lágmarksáhættu og peningarnir halda verðgildi sínu.

„Það er góð hugmynd að safna í sjóð handa börnum og jafnvel þótt upphæðin sé ekki há á mánuði er hún fljót að safnast upp. Þannig

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, segir æ fleiri foreldra vera farna að leggja fyrir með framtíð barna sinna í huga, en þá getur safnast dágóð upphæð sem nýtist þeim sem gott start við fyrstu íbúða- eða bílakaup. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

getur barn keypt sér bíl án þess að taka lán þegar það nær bílprófsaldri, sett upphæðina í útborgun á íbúð eða notað peningana sem skólasjóð," segir Björn og útskýrir að liðinn sé sá hugsunarháttur að börnin eigi að vinna sjálf fyrir sínum bíla- eða íbúðakaupum, eins og algengt var.

„Í dag vilja foreldrar veita börnum sínum veganesti út í lífið svo þau þurfi ekki strax að dragnast með lánaskuldir. Þetta eru enda háar upphæðir að punga út á einu bretti á meðan fæstir finna fyrir því að spara með svo lágri upphæð á mánuði," segir Björn og bætir við að hugsunarháttur Íslendinga hafi breyst til mikils batnaðar í kjölfar efnahagslægðarinnar sem dunið hefur á landsmönnum.

NÝ TÆKIFÆRI HANDAN VIÐ HORNIÐ

„Fólk er orðið meðvitaðra en áður og veit að það þarf að hugsa vel um peningana sína. Það fylgist betur með, hringir meira, kemur oftar og spyr betri spurninga en áður. Þetta er því mikil og jákvæð breyting, og þótt innlánsvextir séu lágir nú þarf að hafa í huga að landslagið mun breytast og hér munu ekki alltaf ríkja gjaldeyrishöft og ládeyða á verðbréfamarkaði. Því þarf fólk sem er að leita að góðri ávöxtun að vera tilbúið að grípa tækifærin þegar þau skapast. Hlutirnir geta gerst hratt og því er mikilvægt að vera í góðu sambandi við sinn tengilið hjá banka eða eignastýringu. Nú bjóðast til dæmis eignastýringarsjóðir sem vakta markaðinn og taka þátt í nýjum tækifærum eftir því sem aðstæður breytast og batna."

BÍLAR & FARATÆKI



Audi A4 1.8TS-Line, 08/2007 EKinn 64þús. Ssk, Leður, Sólluga 18" álfelgur ofl. Ásett Verð 4.090.000.- Möguleiki á allt að 90% láni

Hyundai I-30 1.6 Diesel, 11/2009 Ekinn 13þús. Bsk 5 gíra. Sumar og Vetrardekk, Mjög sparneytinn. Ásett Verð 2.490.000.-

VW Bora. 1.6 8V, 06/2003 Ekinn 130þús. Bsk 5gíra, Álfelgur. Ásett Verð 990.000.- Möguleiki á allt að 90% láni

VORTEX Heiðhúðun á allar gerðir pallbíla, stigbretti og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

STÓRA BÍLASALAN

VW Golf 1.6 Highline Árgerð 07/2003, ekinn 127þ.km, sjálfskiptur, fallegur bíll sem er á staðnum. Verð 990.000kr. Raðnúmer 151473. Sjá nánar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

LAND ROVER FREELANDER. Árgerð 2000, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 780þ. leður, Bíll í toppstandi Rnr.152933.

VW POLO BASICLINE. Árg. 2005, ekinn 71 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1.190. þús. Rnr.102813

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Vorum að fá nýja sendingu af rafmagnsvespum. Verð 149,900.- Erum flutt að Laugavegi 168, í brekkunni við hliðina á ríkisskattstjóra.

City Runner ehf
Laugarvegur 168, 105 Reykjavík
Sími: 567 1040
Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.

100bilar.is bílasala

Toyota Land cruiser 120 LX 35", árg. 5/2007, ek. 51þús.km, sjálfsk, 35" breyttur, rafmagn, dráttarbeisli, CD, omfl, Topp eintak og lítur út sem nýr!, Ásett verð 6990þús.kr, Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Til sölu Nissan Patrol GR elegance árg.'06, ek. rúm 100 þús. Vel með farinn á nýlegum dekkjum. Uppl. í s. 892 2184.

Ford Explorer XLT árg. 2005, ekinn 77þ. km. Verð 2,1 millj. Engin skipti. Uppl. í síma 863 4108.

Til sölu daihatsu chareid árg. '92 4 dyra ssk. ek. 98 þús. Ný skoðaður. Verð 225 þús. Uppl. í s. 660 8166.

Til sölu Patrol árg 01' mjög góðu standi á 41" dekk klassa bíll í ferðalagið og snjóinn uppl: 899 4501.

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!
567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
Nyja.is • S. 567 2277

Toyota Avensis EXE 2.0L sjálfskiptur ekinn aðeins 35 þús árg 7/'06. Leður, senon, cruise control, álfelgur og tveir dekkjagangar. Gullfallegur og lítur út sem nýr. Ásett verð 2.8 milj. Uppl. í síma 893 6840.

250-499 þús.

Suzuki Swift árgerð'99. Ný skoðaður í topplagi. Krókur. Verð 280.þús. Nánari uppl. 898-7592

500-999 þús.

Isuzu Trooper árg.'99 Diesel. Ek. 233 þús. yfirfarinn mótor, ný kúpling. 31" vetrardekk. 7 manna. Tilboð 750 þús. S. 659 3459.

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Vantar bíl!
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Jeppar

Hummer H2
Glæsilegur Hummer H2 árgerð 2003 á góðu verði til sölu. Billinn er í góðu standi með sjónvarpsskjá, topplúgu og fleira, ekinn liðlega 100 þús. km. Ný 37 tommu Goodrich dekk. Upplýsingar í símum 898 1014 og 896 1012.

FORD Explorer ltd 4wd. Árgerð 2004, ekinn 101 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000.- Tilboð 1.950.000.- Rnr.313107.

33" Terrano 3.dyra árg. 99 ek. 179.000, bsk þarfnast minniháttar lagfæringar, ýmislegt endurnýjað. Verð 450.000 S:866-2655

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar

Til sölu ford transit láþekja árg 2005 ek 26 þús/km. Uppl í s. 892 3793

Vélsleðar

Polaris Fusion IQ Dragon 650 Nýskráður 03-2006. Ný yfirfarin og á nýlegu negldu belti í topp standi. Ásett verð 900 Þúsund Fæst núna á Icesave tilboði 575 þúsund kr. Upplýsingar í síma 8221920

Kerrur

VIÐGERÐAR- OG VARAHLUT
Allir gerðir af kerrum, viðgerðar- og varahlutaþjónusta. Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla. Ásetning á staðnum. Víkurvagnar ehf. S 577 1090 www.vikurvagnar.is

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

Bátar

Óska eftir bát sem hentar til strandveiða á bilinu 2-6 millj. svör sendist á hag52@hi.is eða í 650 4267 Hans.

Bílaþjónusta



MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Musso varahlutir.
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper ,Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

Hringbraut.is
Til sölu notaðir varahlutir í Honda, Peugot, Mazda, VW, Renault, M Benz, Citroen, Skoda, Range Rover Sport, Toyota, MMC , Kia. Kaupum bíla til niðurrifs. Hringbraut er þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð. Opið 8-17. Bogatröð 10. 260Rbæ. Uppl. s.420-1200.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÉTTIR
VÍSIR.IS

Til sölu

Febrúartilboð!
50% afsláttur
50% afsláttur á verkfærum í febrúar
Gerðu frábær kaup!

Opnunartími verslunar:
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is
Bílahúð Benna
Sérfræðingar í bílum

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Árgerð 2010, ekinn 19 þ.km, BENSÍN, 6 gírar.
Verð 2.950.000.

HONDA CIVIC 1.8I ES. Árgerð 2007, ekinn 69 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.
Verð 2.190.000

M.BENZ E 200 KOMPRESSOR KOMP (041) AVANTGARDE. Árgerð 2006, ekinn 68 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Sóllúga
Verð 4.590.000

HYUNDAI SANTA FE CRDI. Árgerð 2008, ekinn 102 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.
Verð 2.850.000

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE. Árgerð 2006, ekinn 57 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. leður.lúga **Verð 6.690.000.**
SÉRTILBOÐ.5.390.000 stgr.

M.BENZ ML320 CDI. Árgerð 2008, ekinn 43 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Leður,lúga,Hlaðin aukahlutum **Verð 8.990.000.**

VW PASSAT COMFORTLINE. Árgerð 2006, ekinn 13 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. **Verð 2.600.000**

TOYOTA YARIS SOL 1.3. Árgerð 2003, ekinn 97 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. **Verð 790.000**

JEEP CHEROKEE LIBERTY DISEL. Árgerð 2003, ekinn 91 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.Topp bíll
Verð 2.290.000.

AUDI A6 NEW. Árgerð 2005, ekinn 58 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. **Verð 3.190.000**

Nyja.is • S. 567 2277

ÞJÓNUSTA

Veitingastaðir

Salur, Take away og Heimsendingaþjónusta. S. 55 12345 / italiano.is

Pípulagnir

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

Trjáklippingar

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Tökum að okkur parketslípun

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100.

PVC. ÞAKDÚKUR. Nýlögn og viðgerðir. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s: 660-3571 eða Póstf. Larus7171@simnet.is

Húsdeildin ehf

Nýsmíði, Viðhald, Viðgerðir. S. 772 2021 - 775 3772. hjortur57@gmail.com

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage. S. 692 2126, Alena.

Whole body massage. S. 849 5247.

ERTU MEÐ SVEPPASKÝKINGU

KOMDU í HEILSUGREININGU. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280 Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboð í dag! S:661 8272.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

KEYPT & SELT

Til sölu

ÖSKUDAGURINN

Nýkomnir spennandi barnabúningar. M.a. Harry Potter, Avatar, Batman, Superman og margt fleira. Sendum út á land. Sjáið úrvalið á hokuspokus.is. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

TILBOÐ

Dömustígvél úr leðri. Verð: 14.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070

ÞVOTTAVÉLAR

Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00-17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

82 ferm. Tjald á 799þ.kr. 2 stk. eftir uppl. 849-2302.

Bergiðjan minigolf

9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 774 6633 & 869 1690 Bergiðjan ehf Tangarhöfði 2, 110. pukinn@simnet.is Erum á facebook.

Skrifborð frá Hirslunni til sölu. Líta vel út. Seljast ódýrt. Uppl. Í síma 896 6551.

Til sölu góðu trérennibekkur með stiglausri stillingu. Ýmsir aukahlutir og efni. V. 150þ. S. 898 7739

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Óska eftir nokkrum gínum og grind fyrir útiljósaskilti á verslun ca. 1 x 3 mtr. Uppl. í síma 862-8019.

Vélar og verkfæri

Kæliklefi með tæki

Til sölu vel með farin rúmlega 5 fm(14 rúmm.) kæliklefi með tæki. Auðveldur í niðurrifi og uppsetningu. Fæst fyrir 300.000 kr gegn því að vera tekin niður og sóttur. Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690-3408.

Beitningavél og góð lína

Til sölu beitningavél (bakborðs) og lína með um 30.000 krókum. Vélin var í góðu ásigkomulagi þegar hún var tekin frá borði. Línan er lítið notuð. Fæst saman á 1.200.000 kr gegn því að vera sótt. Nánari upplýsingar í síma 690-3408

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.



Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA

VÍSIR.IS
...ég sá það á Vísi

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Nýsmíði og viðgerðir
Húsgangaverkstæði Ingibjargar Dalveg 16c S. 544 5080 og 822 9477.

Dýrahald

Íslenskir hvolpar til sölu
Gullfallegir hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar 9. mars. Uppl. í síma 8992121 og á www.steinegg.is/isrima

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

GLER-BRÝNSLA-TRÉÚTSKURÐUR -SKARTLEIR
Tiffanýs glerverk í dag kl.18. Skartleir skartgripir 1. 3. Brýnsla eldhúsverkf. 3.3. Tréútskurður II 5.-6.3. Skráning og uppl. S: 555-1212 Handverkshúsið

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Hestamennska

TILBOÐSDAGAR
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

ATVINNA

Atvinna í boði

Kornið
Afgreiðslukonur vantar á Tjarnarvelli. Alla virka daga frá 11-18. Verða að geta byrjað strax! Íslenskukunnátta algjört skilyrði.
Umsóknir með mynd sendist á umsokn@kornid.is

The Deli Bankastræti 14 rvk 101. Vantar starfskraft Nánar uppl deli@internet.is

Óska eftir lærðum hárgreiðslu sveini í fullt starf enginn stólaleiga, hárstofa í miðborginni svör sendist smaar@frett.is merkt hár

Óska eftir að ráða aðstoðarfólk í eldhús og þjóna í sal í Dachin kínverskt veitingarhús, Vesturgötu 6, þar sem naustið var áður. Uppl. í s. 863 8683/511 1866 Linga.

Óskum eftir að ráða vana handflakara. Uppl. í s. 483 3548.

Til sölu

Atvinna

Pósthúsið

Þjónustufulltrúi – dreifingardeild

Pósthúsið auglýsir eftir þjónustufulltrúa á dreifingardeild. Vinnutími er 13-18 virka daga og annan hvern laugardag frá 8-13

Í starfinu felst meðal annars:
- Símsvörun og móttaka ábendinga vegna dreifingar
- Úthringikannanir
- Samskipti við blaðbera
- Bréfaflokkun og pökkun á dreifingarefni
- Önnur tilfallandi verkefni

Viðkomandi einstaklingur verður að:
- Hafa reynslu og þekkingu af þjónustustörfum
- Hafa góða almenna tölvuþekkingu
- Búa yfir getu til að vinna undir álagi
- Búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið umsoknir@posthusid.is merkt **„Þjónustufulltrúi“** með upplýsingum um menntun, starfsferil auk annarra almennra upplýsinga um umsækjanda.

Einnig er hægt að koma með umsókn á skrifstofu Pósthússins, Suðurhrauni 1 í Garðabæ.

Öllum umsóknum verður svarað.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
VÍSIR.IS

Atvinna

Nemar í flugumferðarstjórn

Isavia ohf. óskar eftir nemum í flugumferðarstjórn

Leitað er eftir nemum í réttindanám í flugstjórnarmiðstöð Isavia í Reykjavík.

Umsækjendur þurfa að uppfylla neðangreindar kröfur:
Viðkomandi þarf að vera a.m.k. 18 ára og hafa próf frá framhaldsskóla eða sambærilega menntun skv. mati Flugmálastjórnar Íslands.

Gerð er krafa um að umsækjandi hafi lokið viðurkenndu grunnnámi í flugumferðarstjórn og námi til ACP og ACS áritana með fullnægjandi árangri og hafi fullnægjandi þekkingu í ensku og íslensku (a.m.k. 4.stig).

Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa óflekkað mannorð. Umsækjandi þarf að geta hafið nám í byrjun apríl.

Umsóknarfrestur er til og með **4. mars 2011** og umsóknum skulu fylgja afrit af heilbrigðisvottorði, staðfesting á enskuprófi, hreint sakarvottorð og staðfesting á menntun (prófskírteini).

Umsóknir
Upplýsingar um námið veitir Þórdís Sigurðardóttir, deildarstjóri flugstjórnarmiðstöðvar, sími 424-4000.

Umsóknum skal skilað rafrænt inn á heimasíðu Isavia **www.isavia.is/nam**.

Ekki er um að ræða starfsráðningar né ráðningar í þjálfunarstöður. Engin trygging er fyrir starfi hjá Isavia að loknu námi. Laun verða ekki greidd á námstímanum.

Isavia **Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Isavia veitir þjónustu á lofti og á jörðu niðri. Isavia rekur alla flugvelli á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir. Hjá Isavia starfa um 600 manns, en með dótturfélögum eru um 700 manns hjá fyrirtækinu. Árlega tekur Isavia inn 6-10 nema til starfsþjálfunar í flugumferðastjórn. Lögð er áhersla á að fyrirtækið hafi jafnan á að skipa hæfu starfsliði með góða menntun, hæfni og starfsreynslu. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

Vefumsjón

ICE WEAR

Icewear óskar eftir að ráða hugmyndaríkan, metnaðarfullan og drífandi einstaklingi til að sinna vefumsjón og markaðssetningu á heimasíðu fyrirtækisins.

Kunnátta við vefsíðugerð og vefumsjón nauðsynleg. Færni til að tjá sig á ritaðu máli og mjög góð íslensku kunnátta nauðsynleg.

Þau forrit sem ætlast er að umsækjandi kunni á eru m.a. Vefsíðugerðaforrit (t.d. Adobe Dreamweaver), Adobe Photoshop, Adobe Illustrator, Adobe Indesign og Adobe Flash.

Vinnutími samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamnir sendi ferilskrá á netfang: agust@icewear.is merkt Vefumsjón. Umsóknum ekki svarað í síma.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Fatahönnuður og saumafólk óskast. S. 844 9301 eða sauma@visir.is Designer and sewing-people wanted. Phone 844 9301 or sauma@visir.is

LR er stærsta MLM fyrirtæki Evrópu vilt þú vera með og hafa góð laun. Uppl. í s. 773 2100.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur skotfélags kópavogs verður haldin í húsi félagsins í digranesi miðvikudaginn 23. feb kl. 20:00.

Tilkynningar

Bíð einkatíma í yoga. www.yogaheilsa.is sími 691 8565.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í lðnskólann og bónus. S. 892 5309.

Til leigu herbergi á heimili með baðherb. eldhúsi, þvottavél og internet í 108 RVK. 35þús. per mán.+ 1 mán. trygg. Uppl. í s. 696 8068.

2 herb. íbúð í Fífurima 3 112 Rvk. til leigu frá 1. ap-1 ágúst. L. með öllu innbúi, neti ram og hita. 846 8479.

Kjallaraherb. til leigu í 101. Uppl. í s. 773 3182.

Íbúð í Hafnafirði

Til leigu 4 herb. íbúð í Áslandi í hfj. íbúðin er björt og í góðu ástandi mér sér inngangi, geymslu og þvottahúsi. Laus strax. Leiguverð 150þ. á mán. Uppl. sendist á toppibud@visir.is

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4. herb. glæsileg íbúð í hfj á 3. hæð í nýlegu fjölbýli við Eskivelli. Laus stax. Uppl. í s. 699 5532 Agnar.

Húsnæði óskast

Áreiðanlegt par óskar eftir 2-3 herb. leiguíbúð í miðb. amk 65 fm. e-mail ingirafnster@gmail.com

33 ára námsmaður óskar eftir íbúð í póstnúmerum 101, 105 eða 107. Vinsamlega hafið samband við Einar í síma 695 2413.

Hjón á miðjumaldri óska eftir 3-4 herb. íbúð frá 1 mars, helst miðsvæðis í rvk. Reglusöm og skilvís, erum með 10 ára meðmæli. Svanur 848 5121.

Sumarbústaðir

Salan komin á fullt. Skoða og verðmet allar helgar. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520 Sumarhúsin seljast hjá Valhöll.

Atvinnuhúsnæði

Björt og rúmgóð vinnustofa til leigu á Ártúnshöfða. Sími 861-8011.

150 fm iðnaðarhúsnæði í Skógarhlíð til leigu. Nánar uppl. í s. 615 2562 Kristinn.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Bílskúr

Til leigu

Bílskúr í Hafnarfirði 23 ferm. Upplýsingar í síma 864 7272.

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta

Fasteignir

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

TIL LEIGU
Einbýlishús á sjávarlóð á Arnarnesi

Til leigu um 400 fm glæsilegt einbýlishús á einni hæð. Eignin hefur öll verið endurnýjuð nýlega á vandaðan og smekklegan hátt og er vel staðsett við opið svæði. Um er að ræða leigutíma til eins árs með möguleika á framlengingu.

Laust til afhendingar 1. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson.

DOMUSNOVA Fasteignasala

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is

Til leigu lúxus íbúð við Ægisgötu í Reykjavík.

Bóas Rangar Bóasson
Sölustjóri
Sími 699 6165
boas@domusnova.is

Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali

Íbúðin er 82 fm á 5 hæð (efstu hæð) í lyftuhúsi með stórglæsilegu útsýni, húsið er nýtt byggt árið 2005. Lokað stæði í bílageymslu fylgir eigninni sem er undir húsinu. Frábær eign fyrir þá sem vilja búa í hjarta miðborgarinnar. Leiguverð er 165.000 kr pr mánuð, trygging er 3 mánaða húsaleiga.

Allar nánari upplýsingar veitir Bóas í síma 699 6165

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

Orkuveita Reykjavíkur

Eftirtaldar eignir eru til sölu ef viðunandi tilboð fæst:

Vöruskemma við Andakílsárvirkjun

Fasteignanúmer 223-8266
Landnúmer 133806

Um er að ræða sölu ef viðunandi tilboð fæst á 156,2 fm. vöruskemmu ásamt ca. 1000 fm. lóðarleiguréttindum við Andakílsárvirkjun í Borgarbyggð. Lofthæð er frá 4-6 metrum, ein innkeyrsluhurð H: 4.0 metrar er á skemmunni. Rafmagn er í skemmunni sem og kalt vatn.

Vestur og norður hlið skemmunnar voru klæddar nýrri báru-klæðningu síðastliðið sumar, ásamt því að klætt var yfir þakglugga og gluggi á vestur hlið var endurnýjaður.

Krafa er um snyrtilega umgengni á svæðinu.

Skemman verður til sýnis áhugasömum kaupendum fimmtudaginn 24. febrúar kl. 11.00-1300.

Geymsluhúsnæði í Mosfellsdal

Fasteignanúmer 208-5070
Landnúmer 125629

Um er að ræða húsnæði sem í upphafi var nýtt fyrir viðbragðsbúnað Almannavarna. Orkuveita Reykjavíkur eignaðist húsið á árinu 1999 húsnæðið er alls 560 fm. og stendur á 830 fm.leigulóð. Húsið er í góðu ásigkomulagi og er í dag nýtt sem geymslur fyrir ýmsar deildir Orkuveitu Reykjavíkur.

Krafa er um snyrtilega umgengni á svæðinu.

Húsnæðið verður til sýnis áhugasömum kaupendum fimmtudaginn 24. febrúar kl. 11.00-13.00.

Berserkseyri Snæfellsnesi

Fasteignanúmer 211-4575
Landnúmer 136598 og 136600

Um er að ræða Jarðirnar Berserkseyri, landnúmer 136598 og Berserkseyri ytri, landnúmer 136600. als um 936 ha. Jörðin selst með öllum mannvirkjum, ræktun og girðingum og öðru fylgifé, ef viðunandi tilboð fæst. Kvöð er um að Orkuveita Reykjavíkur megi bora eftir heitu vatni og byggja dæluhús ásamt umferðarrétti, ef jarðhitarétturinn verður nýttur.

Einnig eru undanskilin í sölunni þinglýst réttindi annarra en Orkuveitu Reykjavíkur á jörðunum .

Í gildi er leigusamningur um jarðirnar.

Jarðirnar og byggingar Orkuveitu Reykjavíkur verða til sýnis áhugasömum kaupendum fimmtudaginn 24. febrúar kl. 11.00-13.00.

Íbúðarhús (Árnes) við Andakílsárvirkjun

Fasteignanúmer 210-5824.
Landnúmer 191512.

Um er að ræða sölu ef viðunandi tilboð fæst á (Árnesi) 137,2 fm. íbúðarhúsi og 41,8 fm. bílgeymslu ásamt 1781,5 fm. lóðarleiguréttindum, við Andakílsárvirkjun í Borgarbyggð. Talsverðar endurbætur voru gerðar á húsinu á árinu 2005 þar sem meðal annars parket og baðinnrétting var endurnýjað.

Íbúðarhúsið verður til sýnis áhugasömum kaupendum fimmtudaginn 24. febrúar kl. 11.00-1300

Nánari upplýsingar gefa eftirfarandi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur: Hannes Frímann Sigurðsson sími 516-6690. - Ólafur Þór Leifsson sími. 516-6330.
Tilboðseyðublað og sölulýsingu er hægt að sækja á vefsíðu Orkuveitunnar http://www.or.is/umor/utbod/auglystutbod/
Tilboðum skal skila til Orkuveitu Reykjavíkur, í fundarsal á 1. hæð, vesturhúsi, fyrir kl. 13.00 fimmtudaginn 10. mars 2011.

HYUNDAI

NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:

ix35

ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ***ix35*** frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ***ix35*** og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

Verð **5.190.000 kr.**

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

SANTAFE

Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og endurbættri útgáfu.
Verð 6.490.000 kr.

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM42717

krossgáta



LÁRÉTT
2. há bygging, 6. drykkur, 8. mánuður, 9. fæða, 11. tveir eins, 12. kambur, 14. samband, 16. hæð, 17. fiskur, 18. hjör, 20. í röð, 21. seytlar.

LÓÐRÉTT
1. magi, 3. kringum, 4. frumtala, 5. óhróður, 7. verkfæri, 10. bjálki, 13. rá, 15. feikn, 16. árkvíslir, 19. skóli.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. tum, 6. öl, 8. maí, 9. mat, 11. ðð, 12. burst, 14. félag, 16. ás, 17. áll, 18. lóm, 20. að, 21. agar.

LÓÐRÉTT: 1. vömb, 3. um, 4. raðtala, 5. nið, 7. laufsög, 10. tré, 13. slá, 15. gías, 16. ála, 19. ma.

VIÐTAL:

HLJÓMSVEITIN SKÁLMÖLD

SPILAR Á EINNI STÆRSTU ÞUNGAROKKSHÁTÍÐ HEIMS

GRÆJURNAR Í ISLAND-HLJÓÐVERINU Í VESTMANNAEYJUM

RADIOHEAD VELDUR VONBRIGÐUM – NÝJA PLATAN DÆMD

EF ÓSKARSVERÐLAUNIN VÆRU KEPPNI Í ÞUNGAROKKI

NÝIR LEIKJADÓMAR

POPP

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Íslenskur aðall

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Ég hef oft velt því fyrir mér af hverju ég sé svona yfirmáta stoltur af því að vera Íslendingur. Fljótlega bárust böndin að náttúrufegurðinni en ég komst þó fljótt að því að ekki dugði hún ein til, enda vita allir að hið mesta hyski getur búið á fallegu bæjarstæði í faðmi fallegra fjalla. Stoltið er heldur engin vísitala sem flýgur eða fellur eftir því hvernig löndum mínum gengur á stórmótum eða þá Eurovision. Eina leiðin til að útskýra þetta stolt er að minnast á fólk sem allir þekkja.

ÞEGAR ég var á ferð með Vilhelm ljósmyndara rákumst við einu sinni á Ragnar Bjarnason, einn okkar albesta söngvara. Það sem ljósmyndarinn sagði eftir þann fund lýsir Ragnari vel. „Ég hef oft myndað einhver smástirni sem láta rigna svo í nefið á sér að ég þarf næstum því neðansjávarmyndavél til að ná myndum af þeim. Svo mætir maður Ragga, sem hefur verið „Karlinn“ í fimmtíu ár, og hann er ekkert nema strákalætin og auðmýktin.“

SENNILEGA hefur enginn Íslendingur haft jafn uppörvandi áhrif á sjálfsvirðingu Íslendinga og frú Vigdís Finnbogadóttir. Þegar ég var ungur kom hún til Bíldudals og kyssti styttuna af Muggi og sagðist alltaf hafa haft yndi af góðum listamönnum. Þá vissi ég ekki að hátt sett fólk ætti svo hlýtt látleysi til. Reisnin sem fylgir þessari konu er ekki til komin af hégóma heldur einhverju sem ekki er af þessum heimi.

Í ríkjandi stjórnarfari líður örugglega ekki á löngu uns atgervi manna eins og Karls Ágústs Úlfssonar og Ómars Ragnarssonar verður sett í umhverfismat. Það hlýtur að vera til marks um hæfileikaríka þjóð að taka tilveru slíkra manna sem sjálfsögðum hlut.

LÍKLEGA hefur engum öðrum en Arthúri Björgvin Bollasyni tekist að reisa menn frá dauðum sem torfan hefur geymt í þúsund ár. Ég kemst ekki hjá því að hugsa um Arthúr þegar ég glugga í Njálu.

HVER þremillinn, pistillinn er á enda og ég hef ekkert minnst á Jón Kr. Ólafsson, Rósu Ingólfsdóttur, Vilborgu Dagbjartsdóttur, Ólaf Stefánsson, lýðræðiselskan forseta Ólaf Ragnar Grímsson né Jónas Jónasson.

JÆJA, það verður að hafa það en ég er sem sagt stoltur af því að koma frá landi þar sem svona fólk vex úr grasi.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Overli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Kirkman/Scott

VILTU VINNA PS3
+ KILLZONE 3 + SHARPSHOOTER?

KILLZONE® 3

AÐALVINNINGUR:

ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ
ESL KILL Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU.
ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA
SMS SKEYTIÐ ESL A, B EÐA C
Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

9. HVER VINNUR!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR

Killzone 2 PS3 - DVD myndir
Tölvuleikir - Fullt af gosi og margt fleira!

sena

VINNINGAR VERÐA AFHENTIR Í ELKO LINDUM, KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
149 KR/SMS-IÐ. ÞÚ FÆRÐ 5 MÍN TIL AÐ SVARA SPURNINGU. LEIK LÍKUR 4. MARS 2011

GRÆNAR BÆKUR Borgarbókasafn hefur efnt til skiptibókamarkaðar með sérvaldar bækur sem kallast „Græn bók – góð bók. Endurlestur“. Skilyrði er að grænu bækurnar séu vel með farnar, hreinar og áhugaverðar. Með þessu verkefni vill safnið auðvelda aðgengi almennings að bókum, hvetja til lesturs og ýta undir endurvinnslu og -nýtingu. Safnið hvetur alla til að koma með bækur sem þeir eru búnir að lesa og finnst skemmtilegar og leyfa öðrum að njóta.

Nýtt tölublað TMM

Fyrsta tölublað ársins af TMM er væntanlegt innan tíðar.

Ýmissa grasa kennir í nýjasta heftinu að sögn Guðmundar Andra Thorssonar, sem hefur ritstýrt blaðinu undanfarin tvö ár. Stærsta grein blaðsins er eftir Þorstein Þorsteinsson og fjallar um Tímann og vatnið.

„Þarna gengur íslenskur ljóðrýnir loksins á hólm við þennan sögufrægasta ljóðaflokk 20. aldar og reynir að lesa hann eins vel og honum er unnt,“ segir Guðmundur Andri. Af öðru bókmenntaefni í heftinu má nefna viðtal Hauks Ingvarssonar við Ófeig Sigurðsson, auk ljóða og ritdóma.

Þá ritar Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur grein þar sem hann veltir fyrir sér hversu langt sagnfræðingnum er heimilt að ganga í umgengni við heimildir sínar og Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri, skrifar um nýjustu bók Þórs Whitehead.

„Þar má kannski segja að tekist sé á um söguna sem herfang,“ segir Guðmundur Andri.

Ólafur Páll Jónsson heimspekingur skrifar hugleiðingu um samfélagsumræðuna. „Segja má að hann taki upp hanskann fyrir sumt í íslenskri umræðumenningu sem mikil tíska er að agnúast út í um þessar mundir,“ segir ritstjórinn.

Minningartónleikar um Bjössa Biogen

Vinir raftónlistarmannsins Sigurbjörns Þorgrímssonar, sem gekk undir listamannsnafninu Biogen, halda minningartónleika um hann á Kaffibarnum í kvöld. Sigurbjörn, sem iðulega var kallaður Bjössi Biogen, féll frá 8. febrúar síðastliðinn, langt fyrir aldur fram. Hann var vel þekktur hér á landi sem einn af frumkvöðlum í dans- og raftónlist.

Að tónleikunum standa þeir Pan Thorarensen og Andri Már Arnlaugsson, en þeir hafa einnig haft umsjón með tónleikakvöldunum Extreme Chill, sem haldin hafa verið reglulega síðan 2007.

Á tónleikunum til heiðurs Bjössa í kvöld koma fram margir vinir hans úr heimi raftónlistar, til dæmis Ruxpin, Yagya, Futuregrapher, Beatmakin Troopa, AnDre, Skurken, Tanya Pollock, Frank Murder, Krummi Björgvinsson, Steve Sampling og fleiri.

BIOGEN Naut virðingar sem brautryðjandi á sviði dans- og raftónlistar á Íslandi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og standa til eitt. Aðgangur er ókeypis.

ÖRNEFNI DAUÐANS

Aftökuörnefni nefnist erindi sem Páll Sigurðsson lagaprófessor flytur á vegum Nafnfræðifélagsins á laugardag. Þar rýnir hann í örnefni sem vísa í staði þar sem sakamenn voru teknir af lífi.

PÁLL SIGURÐSSON Örnefni tengd aftökum skipta mörgum tugum hér á landi. Páli kom hins vegar á óvart hversu margir þekktir aftökustaðir draga nafn sitt ekki af því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aftökuörnefni eru ófá á Íslandi, til dæmis Drekkingarhylur, Brennugjá og Gálgaklettar á Þingvöllum. Páll Sigurðsson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, hefur lengi rannsakað örnefni sem vísa til aftakna. Á laugardag stiklar hann á stóru um þessi mál á fræðslufundi Nafnafræðifélagsins.

„Þegar ég var strákur,“ rifjar hann upp, „var ég í sveit í Skagafirði á bæ sem var rétt við heljarmikið gil sem kallað var Gálgagil. Bóndinn á bænum sagði mér að þarna hefðu útilegumenn verið hengdir. Þetta fékk mikið á mig og sat svo í mér að löngu síðar, þegar ég var byrjaður í lögfræðinámi, fór ég að lesa mér til um aftökur dæmdra manna á árum áður.

Ég byrjaði á að skoða gömlu aftökustaðina á Þingvöllum og leitaði uppi allar hugsanlegar heimildir sem tengdust þeim. Smám saman færði ég út kvíarnar og leitaði að aftökuörnefnum úti á landi og naut til þess góðrar aðstoðar frá Örnefnastofnun og fróðu fólki sem þekkti vel sitt umhverfi.“

Páll segir aftökuörnefni á Íslandi skipta tugum, einkum í grennd við forna þingstaði. Honum þykir engu að síður merkilegt hversu oft aftökur rötuðu ekki í örnefni staða sem vitað er með vissu að hafi verið notaðir til slíkra verka.

„Á Þingvöllum má til dæmis finna örnefni sem vísa berlega til staða þar sem fólk hefur verið líflátið. Úti á landi er því ekki alltaf að heilsa; mér fannst það satt best að segja áberandi hversu sjaldan aftökur rötuðu í örnefni. Á Þingvöllum höfum við bæði Drekkingarhyl og Brennugjá. Ég veit um tvo aðra Drekkingarhyli á landinu öllu en enga aðra Brennugjá; samt voru menn líka brenndir úti á landi.“

Þá bendir Páll á að talsvert sé um aftökuörnefni á stöðum sem ólíklegt sé að hafi verið notaðir til að taka sakamenn af lífi.

„Það eru aðallega „gálgaörnefnin“, samanber Gálgaklettar og Gálgagil. Mörg þeirra eru á stöðum sem nær útilokað er að hafi verið aftökustaðir. Þeim fylgja hins vegar sagnir um menn sem áttu að hafa verið líflátnir, til dæmis hengdir á raft og látnir dingla yfir 30 metra gili.“ Páll áréttar þó að vissulega séu líka til dæmi um að aftökur hafi átt sér stað á stöðum kenndum við gálga, til dæmis Gálgakletti í nágrenni við Bessastaði.

Páll segir að rannsóknir hans á aftökuörnefnum séu fyrst og fremst áhugamál. „Þetta myndi flokkast undir réttarþjóðfræði og hún segir okkur margt um sambúð fólksins í landinu við lögin.“

Frædslufundur Nafnafræðifélagsins á laugardag hefst klukkan 13.15 í stofu 131 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands.

bergsteinn@frettabladid.is

Kraftmikil píslarganga góðs og ills

Leiklist ★★★

Svikarinn
Tjarnarbíó

Höfundar: Árni Pétur Guðjónsson og Rúnar Guðbrandsson. Leikari: Árni Pétur Guðjónsson. Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

Á laugardagskvöldið var frumsýning hjá tilraunaleikhúsinu Lab Loka í nýuppgerða gamla leikhúsinu í Tjarnarbíói. Árni Pétur Guðjónsson og Rúnar Guðbrandsson stofnuðu leikhúsið 1992 en höfðu áður starfað saman í árarraðir. Enn og aftur leiða þeir saman hesta sína nú og úr verður magnað og margbreytilegt listaverk.

Þvílíkt þrek og þvílíkur kraftur. Við erum öll að eldast en það er eins og Árni Pétur sé hættur við. Í eina og hálfa klukkustund vinnur hann andlegt og líkamlegt þrekvirki inn og út úr mörgum röddum og hlutverkum sem stundum skarast og eru stundum langt hvert frá öðru.

Hann leikur stundum tvö hlutverk í einu, eins og þegar aðstoðarmaðurinn er að hjálpa prímadonnunni í kjólinn, og hann talar undir og inni í honum með tveimur röddum. Að takast á við sín eigin takmörk, muninn á þeim sem svíkur og þeim sem svikinn er, kynórum og hatursást er uppistaðan í atburðarásinni sem hann ferðast í gegnum í sýningunni.

Leikrit Jean Genet um Vinnukonurnar þrjár hefur í annarri mynd verið flutt hér áður, reyndar tvisvar. Þann hluta textans í verkinu hér þýddu þær Vigdís Finnbogadóttir og Melkorka Tekla Ólafsdóttir og styðjast þeir félagar við þá þýðingu. Þýðingar úr öðrum verkum Genets og allur annar texti er kominn frá þeim Árna Pétri og Rúnari.

Þrekið og krafturinn, úthaldið og textamassinn, í samblandi við tónlistina og frábæra hljóðmynd sem Garðar Borgþórsson hannaði, gerir það að verkum að það er fastur rythmi sem drífur atburðarásina áfram þó svo að um miklar endurtekningar sé að ræða. Hér ráðast þeir félagar í hið fræga leikverk Jean Genet um Vinnukonurnar þrjár sem máta flottu kjóla húsfreyjunnar og lifa lífi hennar þegar hún er ekki heima og svo deyja þær hver af annarri. Í hlutverkaleikum og sviðsetningum drepa þær frúna og mæta svo örlögum sínum. Lágstéttarfólk sem starfar við að þjónusta hyskið vill hefna sín á yfirstétt og valdníðingum, á meðan fer listamaðurinn inn og út úr textanum með skírskotun í það sem stendur innan sviga á blaðinu og það er skemmtilegt.

Texti Genet lifði ekki eigin lífi heldur voru skírskotanir beint inn í íslenskan veruleika þar sem Árni Pétur gefur sjálfur af sínu lífi og tekur beint samband við áhorfendur. Fór hann á kostum þegar hann sté inn í svigann eins og hann sagði og kynnti okkur meðal annars fyrir Siggu gömlu sem þreif hjá mömmu hans og bjó í Bjarnaborginni.

Leikmynd Filippíu Elísdóttur var heillandi með beinu kjólarööinni eftir endilöngu baksviðinu sem gaf vel til kynna hvers konar dívu var hér um að ræða. Speglarnir þrír endurskapa ekki aðeins systurnar þrjár heldur stóðu einnig eins og gluggar inn í aðra veröld og óþægilega afhjúpandi um einsemd og óhamingju. Það sem einkenndi sýninguna var taktur sem á stundum fór nær yfir í púls góðra rokktónleika. Þeir hafa ekkert slegið af félagarnir í að leita fanga hjá gömlu meisturum leiktækninnnar og leikstjóra eins og þeir sjálfir segja í leikskránni, þar sem upp eru taldir áhrifavaldar sem eru nánast öll leiklistarsagan á öldinni sem leið og enn lengra aftur í tímann.

Það er greinilegt að blóð, sviti, tár og vandvirkni liggja á bak við þessa sýningu.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Það gneistar af Árna Pétri Guðjónssyni í þessari kraftmiklu en endurtekningarsömu sýningu.

Staða 1. konsertmeistara

Staða 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands er hér með auglýst laus til umsóknar frá og með starfsárinu 2011-2012.

Hæfnispróf fara fram 30. maí 2011.
Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2011.

EINLEIKSVERK:

1. Mozart fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) í G-dúr, D-dúr eða A-dúr.
2. Tveir kaflar í einni af partítum eða sónötum J.S. Bachs fyrir einleiksfiðlu.
3. Rómantískur fiðlukonsert (1. kafli með kadensu).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir prófdag.

Stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegna tveir fiðluleikarar í fullu starfi og er önnur staðan hér með auglýst.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá starfsmannastjóra (kristin@sinfonia.is) í síma 897 2515.

Sinfóníuhljómsveit Íslands » www.sinfonia.is » Sími 545 2500

Vill banna fóstureyðingar

Justin Bieber hefur hneykslað marga í Ameríku með yfirlýsingum sínum um fóstureyðingar og ameríska heilbrigðiskerfið. Íslenskir aðdáendur hans flykkjast í bíó um helgina.

Á MÓTI FÓSTUREYÐINGUM Justin Bieber er á móti fóstureyðingum, jafnvel í þeim tilvikum þegar konan hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Yfir þúsund miðar hafa selst í forsölu hér á landi á frumsýningarhelgi tónlistar- og heimildarmyndarinnar um Justin Bieber, Never Say Never. Sigurður Victor Chelbat hjá Sambíóunum segir þetta vera nokkuð mikið miðað við íslenskan markað því yfirleitt mæti Íslendingar bara á staðinn og láti sig hafa það að standa í röð. Sigurður Victor, sem er ekki í hinum hefðbundna Biebermarkhópi, segir myndina koma á óvart en bætir því við að hún sé ekki sýnd með íslenskum texta í þrívíddarútgáfunni. Bieber hefur undanfarið verið einn vinsælasti erlendi tónlistarmaðurinn á Íslandi en eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir nokkru seldist síðasti diskur hans, My World 2.0, í þrjú þúsund eintökum.

Bieber sneri reyndar öllu á hvolf í Bandaríkjunum um helgina þegar bandaríska tónlistartímaritið Rolling Stone birti ítarlegt viðtal við hann. Þar opinberaði hann að hann væri sannkristinn hægrimaður. Bieber byrjaði viðtalið á því að ráðast gegn bandarísku heilbrigðiskerfinu og stillti sér næst upp við hliðina á þeim sem eru á móti fóstureyðingum. „Ég er á móti þeim, þetta er eins og að drepa lítið barn," hefur Rolling Stone eftir poppstjörnunni ungu. Hann heldur síðan áfram á svipuðum slóðum þegar hann er spurður hvort hann sé þá líka á móti fóstureyðingum eftir kynferðislegt ofbeldi. „Auðvitað er slíkt alltaf sorglegt en ég trúi því að allt sem gerist hafi einhvern tilgang. Í þessu tilviki er auðvitað erfitt að koma auga á tilganginn en hann er einhver. Ég hef hins vegar ekki verið í þessari aðstöðu og get því ekki sest í dómarasæti."

Víst er að þessi ummæli munu vekja misjöfn viðbrögð hjá bandarískum fjölmiðlum enda eru fóstureyðingar eitt eldfimasta málið í bandarísku samfélagi. Samkvæmt New York Daily News er Bieber af sannkristnu fólki kominn og hlaut víst afar strangt kristilegt uppeldi, sem ætti að einhverju leyti að varpa ljósi á orð hans í Rolling Stone.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BIG MOMMAS 3	8 og 10.15
JUST GO WITH IT	8 og 10.25
TRUE GRIT	5.50, 8 og 10.25
MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL	6
ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL	6

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
I AM NUMBER FOUR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
I AM NUMBER FOUR	kl. 8 - 10:20	VIP
TRUE GRIT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
FROM PRADA TO NADA	kl. 8	10
THE KING´S SPEECH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali	kl. 6	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
ROKLAND	kl. 10:20	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali	kl. 6	L
I AM NUMBER FOUR	kl. 8 - 10	12
FROM PRADA TO NADA	kl. 6	10
TRUE GRIT	kl. 8 - 10	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
I AM NUMBER 4	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
TRUE GRIT	kl. 5.30 - 8 og 10.30	16
JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali	kl. 5.30	L
SANCTUM-3D	kl. 8 og 10.30	14
KING'S SPEECH	kl. 8 - 10.30	L
TANGLED-3D M/ ísl. Tali	kl. 5.30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
I AM NUMBER FOUR	kl. 8:10 - 10:30	12
THE KING´S SPEECH Númeruð sæti	kl. 5:40 - 8	L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali	kl. 6	L
SANCTUM-3D	kl. 10:30	14
HEREAFTER	kl. 8	12
YOU AGAIN	kl. 5:50	L
KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti	kl. 10:30	14

WWW.SAMBIO.IS

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20	L
BIG MOMMA´S HOUSE LÚXUS	KL. 8 - 10.20	L
THE EAGLE	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
JUST GO WITH IT	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
BLACK SWAN	KL. 8	16
BLACK SWAN LÚXUS	KL. 5.30	16
GREEN HORNET 3D	KL. 5.25	12
THE DILEMMA	KL. 10.30	L
GULLIVER´S TRAVEL 3D	KL. 3.30	L
ALFA OG OMEGA 3D	KL. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
127 HOURS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	12
BLACK SWAN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
THE FIGHTER	KL. 5.30 - 10.30	14

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 8 - 10.10	L
JUST GO WITH IT	KL. 8 - 10.10	L
SÚÐBYRÐINGUR, SAGA BÁTS	KL. 6	L

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is
5% AUKAAFSLÁTTUR
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

WISTARIA Þungarokkararnir á Wacken-hátíðinni í Þýskalandi á síðasta ári.

Sex bönd berjast

Hljómsveitakeppnin Wacken Metal Battle verður haldin á Sódómu Reykjavík laugardaginn 5. mars. Sex hljómsveitir berjast þar um laust sæti í alþjóðlegri lokakeppni sem verður haldin á tónlistarhátíðinni Wacken Open Air í Þýskalandi.

Sigurhljómsveitin í undankeppninni hér heima verður valin af innlendri og erlendri dómnefnd, þar á meðal ritstjóra breska þungarokkstímaritsins Metal Hammer. Þær hljómsveitir sem taka þátt verða Angist, Atrum, Gruesome Glory, Ophidian I, Gone Postal og Noctem.

Á síðasta ári báru rokkararnir í Wistaria sigur úr býtum og spiluðu fyrir framan þrjú þúsund manns á Wacken-hátíðinni. Wistaria stígur einmitt á svið sem gestasveit á Sódómu ásamt Skálmöld og Moldun. Miðasala er hafin á Midi.is og kostar 1.000 krónur inn.

Dylan svaraði ekki Simon

Paul Simon reyndi að fá gamla félaga sinn Bob Dylan til að syngja með sér á nýjustu plötu sinni en án árangurs. Simon var ekki sáttur við að Dylan skyldi ekki svara erindi sínu. „Ég hélt að Bob væri rétti maðurinn til að syngja með mér, það hefði verið flott að fá hann. Ég sendi honum lagið en heyrði ekkert frá honum. Ég veit ekki af hverju," sagði ósáttur Paul Simon.

PAUL SIMON Ósáttur við að Dylan hafi ekki viljað syngja með sér.

JENNIFER ANISTON Heillast af fyndnum og sjarmerandi mönnum.

Karlar mega ekki ljúga

Leikkonan Jennifer Aniston hefur gefið upp leyniuppskriftina fyrir þá náunga sem vilja næla sér í hana. „Þeir mega ekki ljúga, það er alveg á tæru," sagði Aniston þegar mynd hennar Just Go with It var frumsýnd í Berlín. „Þeir þurfa að vera vingjarnlegir, sjarmerandi og fyndnir."

Hin 42 ára leikkona vonast til að eldast á tignarlegan hátt án þess að fegrunaraðgerðir komi við sögu. „Konur þurfa að átta sig á því að það er fallegt að eldast. Þær konur í Hollywood sem leyfa sér að eldast eðlilega eru gullfallegar. Síðan eru aðrar sem ganga of langt og mér finnst það ekki eins fallegt."

Nýtt ólátapar í fæðingu

Líkur sækir líkan heim, segir máltækið, og það virðist eiga við söngkonuna Rihönnu og írska leikarann Colin Farrell, sem samkvæmt The Sun eru farin að stinga saman nefjum.

Rihanna og Colin Farrell hafa oft á tíðum komist á síður slúðurblaðanna fyrir óhefðbundið viðhorf til lífsins og sambandsins við hitt kynið. Farrell hefur átt í tygjum við margar af fegurstu konum heims og ákvað fyrir skemmstu að slíta sambandi sínu og leikkonunnar Alicju Bachleda-Curus þar sem hann væri ekki reiðubúinn að binda sig. Rihanna hefur hins vegar verið á tilraunakenndari nótum; breska pressan hefur til að mynda velt því fyrir sér hvort hún væri ekki meira upp á kvenhöndina eftir síðustu myndbönd þokkagyðjunnar frá Barbados, en hún var síðast í sambandi með hafnaboltaleikmanninum Matt Kemp. Þar áður var hún auðvitað með Chris Brown en samband þeirra rataði í heimspressuna eftir að hann lagði hendur á hana.

Rihanna og Colin hittust fyrst í spjallþætti Grahams Norton skömmu fyrir jól og sjónarvottar tóku strax eftir því að þeim virtist líka vel við hvort annað. „Þau skiptust á símanúmerum og Rihanna hefur síðan verið dugleg að senda Colin erótísk smáskilaboð. Og hann hefur verið mjög hrifinn af þeim," hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum. Þessi samdráttur þeirra tveggja virtist hafa verið óumflýjanlegur í þættinum því Colin byrjaði strax að hrósa kjól söngkonunnar og ekki minnkaði hrifninginn hjá Íranum þegar Rihanna fór að ræða alls konar vaxmeðferðir sem hún nýtti sér.

Samkvæmt heimildum The Sun ætla þau tvö að hittast í Los Angeles við fyrsta tækifæri en eins og gefur að skilja er dagskrá þeirra beggja nokkuð þéttskipuð. **- fgg**

NOKKUÐ LÍK Búast má við því að fjölmiðlar beggja vegna Atlantshafsins fái sitthvað fyrir sinn snúð ef **Rihanna** og **Colin Farrell** verða par því þau kunna þá list að komast á forsíðurnar fyrir annað en hæfileika sína.

INGÓLFUR SIGURÐSSON er búinn að semja til eins árs við KR og mun spila með liðinu í Pepsi-deild karla næsta sumar. Ingólfur var leystur undan samningi við hollenska félagið Heerenveen á dögunum og var í kjölfarið orðaður við æskufélag sitt Val. Hann fer hins vegar aftur í Vesturbæinn þaðan sem hann kom upphaflega árið 2008 þegar hann var á yngra árinu í 3. flokki.

DJ CAMPBELL Ian Evatt faðmar hér DJ Campbell eftir þess síðarnefnda.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enska úrvalsdeildin í gær:

Óvæntur sigur hjá Blackpool

FÓTBOLTI Tottenham óð í færum á Bloomfield Road í gærkvöldi en það voru heimamenn í Blackpool sem skoruðu mörkin og unnu óvæntan 3-1 sigur í leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.

DJ Campbell fékk víti sem Charlie Adam skoraði úr á 18. mínútu og Campbell kom Blackpool síðan í 2-0 á lokamínútu fyrri hálfleiks. Brett Ormerod skoraði síðan þriðja markið á 80. mínútu og innsiglaði fyrsti sigur liðsins síðan 12. janúar. Rússinn Roman Pavlyuchenko náði að minnka muninn fyrir Tottenham. - óój

Fjölnir vann Snæfell í gær:

Harris með 17 stig í fjórða

KÖRFUBOLTI Fjölnir vann í gærkvöldi gríðarlega mikilvægan sigur í baráttunni fyrir lífi sínu í Iceland Express-deild kvenna þegar liðið vann 68-57 sigur á Snæfelli í Grafarvogi.

NATASHA HARRIS

Fjölniskonan Natasha Harris skoraði 17 af 31 stigi sínu í lokaleikhlutanum sem Fjölnir vann 24-18 og tryggði hún öðrum fremur sínu liði sigur í gær. - óój

Nýr Kani til Grindavíkur:

Bradford mætir

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar ráku bandaríska bakvörðinn Kevin Sims í gær og Nick Bradford staðfesti það á Twitter-síðu sinni í gærkvöldi að hann væri búinn að semja við Grindavík.

Bradford hefur leikið með öllum Suðurnesjaliðunum á síðustu tveimur tímabilum en hann spilaði bæði fyrir Njarðvík og Keflavík á síðustu leiktíð. Bradford var í miklum ham í Grindavíkurbúningnum veturinn 2008-2009 þegar Grindavík var einu skoti frá því að vinna Íslandsmeistaratitilinn. - óój

Leynilisti Leifs þjálfara lak út

Stjórnarmaður Víkings gerði þau skelfilegu mistök að senda leikmannalista Leifs Garðarssonar þjálfara á alla leikmenn liðsins. Á þessum leynilista Leifs eru leikmenn liðsins flokkaðir frá A og niður í D. Einnig eru umsagnir um flesta leikmenn liðsins á listanum og stöðu þeirra. Leikmenn áttu aldrei að sjá listann.

FÓTBOLTI Stjórn, þjálfari og leikmenn Víkings héldu fund síðasta laugardag til þess að hreinsa loftið. Ástæðan var sú að listi með áliti þjálfara félagsins, Leifi Garðarssyni, á leikmönnum hafði verið sendur á leikmenn fyrir slysni.

Það var stjórnarmaður Víkings sem sendi listann á leikmenn en listinn var á excel-formi og stjórnarmaðurinn kíkti ekki á hvað væri að finna í hverri örk (e. sheet) í excel-skjalinu. Það hefði hann betur gert.

Allir leikmenn liðsins vita eftir þessi mistök hvar þeir standa gagnvart þjálfaranum. Hvað þeir þurfa að laga, hvort þeir eigi möguleika á að spila eða hvort Leifur sé einfaldlega að hugsa um að lána viðkomandi frá félaginu í sumar. Á listanum kemur einnig fram að Leifur telur sig hafa fimm A-menn sem hann kallar lykilmenn.

Fréttablaðið hefur þennan lista undir höndum og reyndi að bera málið undir Leif. Hann vildi ekkert tjá sig um málið en það gerði aftur á móti Björn Einarsson, formaður knattspyrnudeildar.

„Svona listi er til í öllum félögum og hjá öllum þjálfurum. Það urðu aftur á móti ákveðin mistök í tölvupóstsendingum hjá okkar manni. Það er einn lítill flipi niðri á skjalinu með þessu stöðumati en það átti eingöngu að senda nafnalista," segir Björn við Fréttablaðið en hann segir stjórnina hafa brugðist hratt við í málinu.

„Við tókum strax á málinu og höfum lokað þessu af okkar hálfu. Stjórnin hefur beðið leikmenn og þjálfara félagsins afsökunar á þessum mistökum. Þessu máli er því lokið af allra hálfu og menn farnir að horfa fram á veginn," segir Björn en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skiptust menn hraustlega á skoðunum á krísufundinum.

„Við lögðum fundinn upp þannig að hann væri opinn og heiðarlegur svo það yrði hægt að loka málinu. Eftir öll orðaskiptin ákváðu menn að snúa bökum saman og eru fókuseraðir á verkefnin sem eru fram undan."

Björn segir að enginn leikmaður hafi hótað að fara vegna málsins en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er staða Leifs í búningsklefanum ekkert sérstaklega sterk. Björn segir það ekki vera rétt.

„Við teljum að staða allra sé góð eftir að búið er að gera málið upp. Þjálfarinn nýtur fyllsta trausts stjórnar og leikmanna," segir Björn en er uppákoman ekki neyðarleg? „Þetta eru vissulega neyðarleg mistök en menn verða að vera sterkir og vinna úr málunum af ábyrgð." henry@frettabladid.is

LYKILMAÐUR Björgólfur Takefusa er einn fimm lykilmanna Víkings að mati þjálfarans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leynilisti Leifs þjálfara

Meðal þess sem kemur fram á listanum er staða leikmanna liðsins. Leikmenn eru flokkaðir frá A-manni, sem er lykilmaður, niður í D-mann.

Mark Rutgers, lykilmaður	A
Baldur I. Aðalsteinsson, lykilmaður	A
Björgólfur Takefusa, lykilmaður	A
Kristinn Magnússon, lykilmaður	A
Helgi Sigurðsson, lykilmaður	A
Magnús Þormar	BA
Vantar leikreynslu í efstu deild, gæti orðið lykilmaður.	
Pétur Georg Markan	B
Vantar leikskilning en ógnarhraði, kemur sér í markfæri.	

Aðrir B-leikmenn: Hörður Bjarnason, Egill Atlason, Halldór Smári Sigurðsson, Marteinn Briem, Milos Milojevic, Sigurður Egill Lárusson, Hjalti Már Hauksson, Tómas Guðmundsson.

C-leikmenn: Kjartan Diego, Walter Hjaltested, Skúli Sigurðsson, Aron Þrándarson, Davíð Atlason, Svavar Cesar Hjaltested, Garðar Ingi Leifsson, Gunnar Helgi Steindórsson, Sverrir Þór Garðarsson.

Leifur reiknar síðan ekki með þeim Daníel Hjaltasyni og Þorvaldi Sveini Sveinssyni. Þorvaldur er meiddur en Daníel gat lítið æft vegna vinnu er listinn var gerður í síðasta mánuði. Þeir eru því merktir D.

Chelsea er í góðum málum í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar eftir 2-0 sigur á FCK í gærkvöldi:

Nicolas Anelka skoraði tvö mörk á Parken

FÓTBOLTI Chelsea er nánast komið með annan fótinn í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar eftir 2-0 sigur á danska liðinu FC Kaupmannahöfn á Parken í gærkvöldi. Koma Fernando Torres til Chelsea hefur greinilega haft mjög góð áhrif á Frakkann Nicolas Anelka sem skoraði bæði mörk liðsins. Það er meiri spenna í viðureign Lyon og Real Madrid eftir að Frakkarnir tryggðu sér 1-1 jafntefli í gær með því að skora sjö mínútum fyrir leikslok.

Chelsea byrjaði af miklum krafti í Kaupmannahöfn og var nokkrum sinnum búið að skapa mikla hættu þegar Nicolas Anelka kom liðinu í 1-0 á 17. mínútu. Anelka komst þá inn í slæma sendingu frá Jesper Grönkjær og skoraði af öryggi. Nicolas Anelka kom Chelsea síðan í 2-0 á 54. mínútu efir að hafa fengið flotta sendingu frá Frank Lampard. Danirnir gáfust ekki upp og reyndu að minnka muninn í lokin en það tókst ekki og Chelsea-menn fögnuðu góðum sigri.

NICOLAS ANELKA Fagnar hér öðru marka sinna í sigrinum á danska liðinu FCK í gærkvöldi.
NORDICPHOTOTS/AFP

Súperskipting José Mourinho, þjálfara Real Madrid, virtist vera að létta Lyon-álögunum af Real Madrid í Lyon í gær en Frakkarnir náðu að tryggja sér 1-1 jafntefli átta mínútum fyrir leikslok.

Eftir markalausan og rólegan fyrri hálfleik hóf Real Madrid þann seinni á mikilli stórskotahríð. Real skoraði þó ekki fyrr en Mourinho skipti Karim Benzema inn á fyrir Emmanuel Adebayor. Benzema var ekki búinn að vera inni á vellinum nema í eina mínútu þegar hann kom Real Madrid í 1-0 á 65. mínútu en hann var þarna að skora á móti sínum gömlu félögum.

Claude Puel, þjálfari Lyon, gerði í kjölfarið þrjár skiptingar á liði sínu og það virtist hafa góð áhrif því Bafetimbi Gomis jafnaði leikinn á 83. mínútu og þannig urðu lokatölur. Real Madrid er í ágætum málum með jafntefli og mark á útivelli en það má búast við spennandi seinni leik á Santiago Bernabeu. - óój

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

499
RÚÐUVÖKVI
4 ltr, 12°C

4 pör
1990
SOKKAR - TRYSIL
St 25-27/28-31/32-35
/36-40/41-46

2,3 kg
599
ÞVOTTAEFNI

349
IDA
PRJÓNAGARN

189
THEA
PRJÓNAGARN

100 í pk **799**
LIPTON TE
100 í pk

FÖÐURLAND
Bolur/buxur
Fyrir 4-12 ára, kr 1490
St XS-XL, kr 1990
Verð pr stk

frá **1490**

4 Kg
799
JASMIN
HRÍSGRJÓN

199
DON SIMON ÁVAXTA-SAFI
Átta appelsínur í hverjum lítra
1 ltr
Átta tegundir af safa

31 ltr
899
GEYMSLUKASSI, 31 LTR
46,5x36x25,5 cm
Litir: Fjólublár, glær og grár

frá **2890**
FERÐATÖSKUR

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

> Jim Carrey

„Á bak við hvern stórkostlegan mann er kona að ranghvolfa augunum."

Jim Carrey leikur Fletcher Reede, útsmoginn lögfræðing og sérfræðing í að hagræða sannleikanum, en þegar sonur hans óskar þess á afmælisdaginn að pabbi hans segi alltaf sannleikann lendir lögfræðingurinn heldur betur í bobba í gamanmyndinni stórskemmtilegu Liar Liar sem er á Stöð 2 Bíó kl. 16 í dag.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS GUNNARSDÓTTIR EYÐIR MÁNUDAGSKVÖLDUM VIÐ HÁSÆTI KÓNGSINS

Með þorskunum á Færibandinu hans Bubba

Mánudagskvöld eru útvarpskvöld á mínu heimili og ætíð tilhlökkunarefni. Mörgum leiðast mjög mánudagar en ég hlakka til þeirra, ekki síst kvöldanna eftir tíufréttir á Rás 2. Þá eru börnin komin í draumalandið og kærkomið að setjast við Færibandið með Bubba Morthens.

Bubbi hefur þægilega nærveru í útvarpi og ótrúlega næmni fyrir sögunni. Hann er meðvitaður um hverfulleika lífsins og sinnir af alúð því hlutverki ríkisútvarpsins að safna menningarverðmætum sem annars gætu glatast. Þannig hefur hann fengið hvern listamanninn á fætur öðrum til að líta yfir farinn veg á hispurslausan og hreinskilinn hátt, þannig að hlustandinn er ríkari og margs vísari á eftir. Bubbi spyr spurninga sem skipta máli og sem hlustandinn vill fá svör við, og sýnir viðmælendum sínum einstakan áhuga, skilning og samlíðan.

Enda trúlegt að hvergi náist betra eintal milli listamanna en þar sem skilningur er gagnkvæmur og algjör.

Bubbi gleymir ekki heldur að skrásetja eigin sögu af sömu einlægni og opinberun og hann ætlast til af viðmælendum sínum. Þannig var fróðleg skemmtun að hlusta á hann lýsa barnæsku sinni og framtíðardraumum sem stórstjörnu í fylgd fyrsta áhrifavalds síns; hins skoska Donovans. Glöggt mátti heyra hvernig gítarleikur Bubba varð fyrir áhrifum goðsins, sem og margar lagasmíðar hans, um leið og munurinn er merkilegur á milli hinna ballöðukenndu laga Donovans og hins harða Bubba þegar hann byrjaði að gera garðinn frægan. Í næsta þætti reikna ég með að innblástur Bob Dylan verði Bubba að yrkisefni og hlakka til, enda Bubbi staksteinn, óútreiknanlegur og blessunarlega alltaf að koma á óvart.

SJÓNVARPIÐ

16.20 Vörin og verbúðin (e)
16.50 Návígi (e)
17.20 Einu sinni var...lífið (22:26)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Finnbogi og Felix
18.23 Sígildar teiknimyndir (22:42)
18.30 Gló magnaða (22:26)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.20 Læknamiðstöðin (43:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
21.05 Kiljan Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Hvert stefnir Ísland? (Velferðarmál) Umræðuþáttaröð í umsjón Þórhalls Gunnarssonar, Páls Skúlasonar og Ævars Kjartanssonar. Í þessum þætti er fjallað um velferðarmál.
23.40 Landinn (e)
00.10 Kastljós (e)
00.50 Fréttir (e)
01.00 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Stormbreaker
10.00 Liar Liar
12.00 The Groomsmen
14.00 Stormbreaker
16.00 Liar Liar
18.00 The Groomsmen
20.00 According to Spencer
22.00 Eagle Eye
00.00 Brothers of the Head
02.00 Go
04.00 Eagle Eye
06.00 The Fast and the Furious

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lois and Clark (4:22)
11.00 Cold Case (6:23)
11.45 Grey's Anatomy (17:24)
12.35 Nágrannar
13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel (3:12)
13.25 Gossip Girl (4:22)
14.10 E.R. (17:22)
15.00 iCarly (1:45)
15.25 Háheimar
15.50 Barnatími Stöðvar 2
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (20:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (17:24)
19.45 The Big Bang Theory (10:23)
20.10 Gott að borða Nýr matreiðsluþáttur þar sem Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis.
20.40 Pretty Little Liars (15:22).
21.25 Grey's Anatomy (14:22).
22.10 Medium (21:22)
22.55 Nip/Tuck (19:19)
23.40 Sex and the City (2:8)
00.10 Mannasiðir Gillz
00.40 NCIS (2:24)
01.25 Fringe (3:22)
02.10 Life on Mars (11:17)
02.55 Imagine Me and You
04.25 Grey's Anatomy (14:22)
05.10 The Simpsons (20:23)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
07.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
07.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
08.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
16.50 Meistaradeild Evrópu (E)
18.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
19.00 Meistaradeildin - upphitun
19.30 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Man. Utd.
21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
22.05 Meistaradeild Evrópu: Inter - Bayern Útsending frá leik Inter Milan og Bayern München í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 19.30 í dag.
23.55 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Man. Utd.
01.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Blackpool - Tottenham Útsending frá leik Blackpool og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
17.50 WBA - Wolves Útsending frá leik West Bromwich Albion og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
19.35 Arsenal - Stoke Bein útsending frá leik Arsenal og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
21.45 Puskas Sýnt frá bestu knattspyrnumönnum sögunnar i þessum frábæru þáttum en að þessu sinni verður fjallað um Ungverjann Ference Puskas.
22.15 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
22.45 Arsenal - Stoke Útsending frá leik Arsenal og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (119:175)
08.45 Pepsi MAX tónlist
17.25 Dr. Phil (120:175)
18.10 Dyngjan (2:12)
19.00 Judging Amy (13:22)
19.45 Will & Grace (20:22) .
20.10 Spjallið með Sölva (2:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru.
20.50 Blue Bloods (4:22).
21.40 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret (2:6) Sprenghlægilegir gamanþættir með hinum undarlega David Cross úr Arrested Development í aðalhlutverki. Todd Margaret er sendur fyrir mistök á vegum stórfyrirtækis frá Bandaríkjunum til Bretlands til að selja orkudrykki.
22.05 Rabbit Fall (2:6) Vinsælir kanadískir þættir sem fjalla um lögreglukonuna Tara Wheaton sem tekur að sér löggæslu í smábænum Rabbit Fall. Áður en langt um líður, tekur hún eftir því að ótrúlegir atburðir eiga sér stað í bænum. Sífellt renna tvær grímur á Töru sem trúir alls ekki á hið yfirnáttúrulega.
22.35 Jay Leno (202:260)
23.20 CSI: Miami (20:24)
00.00 Dyngjan (2:12)
00.10 The Cleaner (6:13)
01.00 Blue Bloods (4:22)
01.45 Will & Grace (20:22)
02.05 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.20 Northern Trust Open (2:4)
13.10 Golfing World (27:240)
14.00 Northern Trust Open (3:4)
17.00 World Golf Championship 2011 (1:5)
23.00 Champions Tour - Highlights (3:25)
23.55 ESPN America
00.50 Golfing World (27:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.25 The Doctors
20.10 Falcon Crest (15:28) .
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Modern Family (13:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp og kvænst suðurameríski fegurðardís. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
22.15 Chuck (15:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
23.00 Burn Notice (10:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
23.45 Daily Show: Global Edition
00.10 The Doctors
00.50 Falcon Crest (15:28)
01.40 Fréttir Stöðvar 2
02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Hvernig standa málefni HS orku?
21.00 Undir feldi Evrópumálin. Umsjón Logi Frostason og Heimir Hannesson.
21.30 Rokk og tjatjatja Tónlistarflóran á eyjunni bláu.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Gott að borða

Vinkonurnar Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff stýra skemmtilegum matreiðsluþætti á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni heimsækja þær áhugaverð fyrirtæki sem sérhæfa sig í vinnslu á hráefni úr sjó, vatni og fjöru. Á matseðlinum eru meðal annars bleikja, þorskalifur og þari.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Ástir gömlu meistaranna: Richard Wagner **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skornir **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Færeyjar út úr þokunni **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

12.25 Dalziel and Pascoe **13.15** Deal or No Deal **13.50** Whose Line Is It Anyway? **14.15** Whose Line Is It Anyway? **14.40** ‚Allo ‚Allo! **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.45** Doctor Who **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** ‚Allo ‚Allo! **19.05** ‚Allo ‚Allo! **19.35** Little Britain **20.05** Live at the Apollo **20.50** Life on Mars **21.40** Last of the Summer Wine **22.10** Whose Line Is It Anyway? **22.35** Whose Line Is It Anyway? **23.00** Life on Mars **23.55** EastEnders

DR 1

12.00 Vagn i Indien **12.30** Tæt på Dyrene **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Polis, polis **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Hævnens time **22.25** Onsdags Lotto **22.30** OBS

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Puls **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Snøballkrigen **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Livet etter Ludvigsen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.30** VM-kveld **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Åse tonight **21.10** Vikinglotto **21.20** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** VM Oslo 2011 **23.15** Nasjonalgalleriet

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Plus **12.05** Skuggan över södern **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hallå Mumbai **15.30** Dansbanan i Täfteå **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Borgen **21.00** The Pacific **22.00** X-Games **22.45** Gynekologen i Askim **23.45** Minuten **00.45** Hallå Mumbai

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 52128 09/10

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér Herbalife-hristing og set alls kyns ávexti, hafframjöl og skyr út í. Þá fyrst vaknar maður.“

Pavel Ermolinskij, körfuboltamaður hjá bikarmeisturum KR.

Sigmar hættur sem Eurovision-þulur

„Ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun minni nú eru tvær; annars vegar hef ég nóg á minni könnu og hins vegar fannst mér kominn tími til að hleypa öðrum að,“ segir Sigmar Guðmundsson, sem hefur ákveðið að segja skilið við Eurovision eftir að hafa lýst þessari vinsælu söngvakeppni í fimm ár í Sjónvarpinu.

Sigmar segist hafa verið kominn á endastöð á ferli sínum sem Eurovision-kynnir og hann segist ekki eiga eftir að sakna alls umstangsins og vinnunnar sem fylgi keppninni. „Nei, ég ætla bara að njóta þess að horfa á hana í sjónvarpinu og pæla aðeins í lögunum.“

Útvarpskonunnni Hrafnhildi Halldórsdóttur hefur verið falið að taka við starfi Sigmars en hún hefur farið í nokkrar Eurovision-keppnir á vegum Rásar 2. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, segir óneitanlega eftirsjá að Sigmari en er jafn viss um að Hrafnhildur eigi eftir að fylla skarð hans með miklum bravúr. „Ég lærði í Austurríki og kann því þýsku og var því mjög spennt fyrir þessu verkefni,“ segir Hrafnhildur í samtali við Fréttablaðið. Hún hefur reyndar farið tvívegis út í Eurovision fyrir Rás 2 en aldrei sem þulur.

Sigmar segir margt standa upp úr á sínum Eurovision-ferli, hans fyrsta keppni hafi til að mynda verið með Silvíu Nótt í Grikklandi, árið eftir hafi samsæriskenningarnar um austurblokkina víðfrægu fengið byr undir báða vængi og svo megi ekki gleyma silfurævintýri Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur í Moskvu. „Maður hefur eiginlega upplifað allar tilfinningarnar.“ - fgg

HÆTTUR Sigmar Guðmundsson ætlar ekki að lýsa Eurovision í ár en útvarpskonan góðkunna Hrafnhildur Halldórsdóttir ætlar að fylla hans skarð.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikurum heldur áfram að fjölga í gamanseríunni Makalaus sem byggð verður á samnefndri bók Tobbu Marinós. Þegar hefur verið tilkynnt að Lilja Katrín Gunnarsdóttir leiki aðalhlutverkið en stórstjörnum á borð við Helga Björns mun einnig bregða fyrir. Þá mun Bryndís Jónsdóttir leika starfsmann í kynlífsleikfangabúð en Bryndís er einmitt eiginkona stórleikarans **Hilmis Snæs Guðnasonar**.

Sólmundur Hólm, rithöfundur og skemmtikraftur, er landsþekktur Þróttari og hefur meðal annars gegnt hlutverki vallarþular á leikjum liðsins. Sólmundi þykir ákaflega vænt um félagið sitt og hefur fengið þá Björn Hlyn Haraldsson og Jón Kaldal, sem báðir eru miklir stuðningsmenn félagsins, til að leggja sitt á vogarskálarnar til að rífa upp stemninguna í kringum liðið. Jafnvel stendur til að bjóða sig fram í stjórn félagsins en Sólmundur segist sjálfur vera reiðubúinn til að gera allt; hella upp á kaffi eða steikja hamborgara. - fgg

KARL ÖRVARSSON: VIÐ REYKTUM OG DRUKKUM VIÐ UPPTÖKURNAR

Skrítinn kór af Skóla-vörðustíg til Hollywood

„Atli bróðir fann sérkennileg hljóðfæri úti um allt Skotland fyrir þessa mynd og skrítinn kór á Skólavörðustígnum,“ segir Karl Örvarsson tónlistarmaður. Söngur Karlakórsins Alþýðu hljómar í Hollywood-kvikmyndinni The Eagle en tónskáldið Atli Örvarsson, sem hefur verið búsettur í Bandaríkjunum, semur einmitt tónlistina við hana. Meðal þeirra sem skipa kórinn Alþýðu auk Kalla Örvars eru veitingamennirnir Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson, að ógleymdum Karli Th. Birgissyni, nýráðnum ritstjóra Eyjunnar.

Karl segist ekki vera búinn að sjá myndina; hann viti því ekkert hversu mikið þeir heyrist í myndinni en hafi þó óljósar fregnir af því að nöfn kórstjórans, Eiríks Stephensen, og kórsins sjálfs birtist á kreditlista myndarinnar í lokin. „Upptökurnar fóru þannig fram að við mættum í klúbb-/æfingahúsnæðið og Eiríkur var með Atla í heyrnartólum sem gaf honum takt og tóntegund. Svo fékk hann bara merki frá Atla og kórstjórinn sló okkur áfram með sprotanum.“

Fréttablaðið hafði samband við Atla til að forvitnast um þetta merkilega samstarf. „Leikstjóri myndarinnar, Kevin Macdonald, vildi fá kór í myndina til að syngja fyrir rómversku hermennina. Hann vildi alls ekki hafa „prófessjonal“ kór heldur bara svona venjulega karla,“ segir Atli og eftir að hafa lagt höfuðið í bleyti varð honum hugsað til karlaklúbbs bróður síns og kórsins. „Við vorum heldur ekkert feimnir við að reykja og drekka bjór meðan á upptökum stóð,“ skýtur Karl að.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Atli nýtir sér fjölskyldutengsl við tónsmíðar sínar fyrir kvikmyndir því Þórhildur systir hans hefur sungið inn á nokkur tónverk fyrir hvíta tjaldið. Rödd hennar hljómar einnig í þessari mynd sem skartar meðal annars Billy Elliot-leikaranum Jamie Bell og Donald Sutherland í aðalhlutverkum.

Atli lagðist í mikla rannsóknarvinnu fyrir myndina og fór meðal annars til Skotlands og tók upp sérfræðinga í keltneskri tónlist. „Við vildum finna þessa alvöru tóna og hljóma og tókum þess vegna upp hljóðfæraleikara frá Írlandi og Skotlandi. Svo notuðumst við einnig við eftirmynd af keltneskum herlúðri sem hefur fundist á Bretlandseyjum og í Normandí,“ útskýrir Atli en The Eagle gerist á Skotlandi í kringum 1040. Myndin er komin í sýningar í íslenskum kvikmyndahúsum.

freyrgigja@frettabladid.is

BRÆÐRASAMSTARF

Bræðurnir **Atli** og **Karl** tóku höndum saman við gerð tónlistar fyrir kvikmyndina The Eagle. Karlakórinn Alþýða, sem Karl er hluti af, söng inn á myndina fyrir rómverska hermenn.

Friðrika brákuð eftir bílslys

„Þetta er alveg skelfilegt fyrir manneskju eins og mig sem er hlæjandi allan sólarhringinn,“ segir sjónvarpskonan Friðrika Hjördís Geirsdóttir, best þekkt sem Rikka. Hún getur ekki hlegið án þess að finna til því á fimmtudaginn var hún farþegi í bíl sem lenti í árekstri og þar brákaði hún bringubeinið. „Ég veit ekki hvort þetta kom eftir beltið eða hvað, því það gerðist allt svo hratt,“ segir Rikka, sem þakkar Guði fyrir að ekki fór verr.

Brákað bringubein er kannski ekki alvarlegustu meiðslin og lætur ekki mikið yfir sér að utanverðu. Slík meiðsl geta hins vegar verið þeim mun sársaukafullari og erfið og þannig eru allar hreyfingar með öndunarfærunum ákaflega erfiðar. Rikka segist til að mynda hafa átt ákaflega erfitt á Eddunni á laugardagskvöldið. „Ég gat ekkert hlegið og það var virkilega erfitt, að geta ekki skellt rækilega upp úr með öllu þessu fyndna fólki í salinn. En svona er bara lífið.“

Rikka hefur að undanförnu stjórnað svokölluðum cupcakes-námskeiðum sem notið hafa mikilla vinsælda en vegna meiðslanna hefur hún þurft að aflýsa nokkrum námskeiðum. Rikka segist þó ekki kvíða verkefnaleysi, hún hafi nóg að gera heima fyrir. Almennt er talið að það taki sex til sjö vikur að jafna sig að fullu af brákuðu bringubeini en Rikka er hörð af sér. „Ég ætla mér að verða góð innan skamms.“ - fgg

SÁRSAUKAFULLT Rikka er með brákað bringubein, sem þýðir meðal annars að það er erfitt fyrir hana að hlæja vegna sársauka.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ljáðu okkur eyra

Hádegistónlist í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

Enginn aðgangseyrir
Allir velkomnir

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Nýstárleg og nýdönsk blanda af leikhúsi, sketsum, hreyfilist og tónleikum

TÓNLEIKUR Í TVEIMUR ÞÁTTUM

NÝDÖNSK Í NÁND

BORGARLEIKHÚSINU

Hljómsveitin Nýdönsk

BINGO!

TAKE THIS

ENDALAUST UPPSELT!

ÖRFÁAR SÝNINGAR VERÐA SETTAR Á STÓRA SVIÐIÐ Í APRÍL

Fréttatíminn

Fréttablaðið

„10 stjörnur af 5 mögulegum“
Andri Freyr, Rás 2

„Algjörlega málið“
Dr. Gunni, Fréttatíminn

„...kann að að segja brandara á sinn kostnað og hefur efni á því“
Pétur Blöndal, Morgunblaðið

„Hlátursrokurnar gengu um áhorfendaskarann í ógleymanlegri túlkun Björns á eigin persónu, Bingó-Bjössa“
Arnór Bogason, Fréttablaðið

23. feb kl. 20.00 uppselt
24. feb kl. 22.00 uppselt
25. feb kl. 19.30 uppselt
25. feb kl. 22.00 uppselt
26. feb kl. 19.30 laus sæti
26. feb kl. 22.00 örfá sæti laus

Sala er hafin á sýningar á Stóra sviðinu í apríl
14. apríl kl. 20.00 laus sæti
15. apríl kl. 19.30 laus sæti
15. apríl kl. 22.00 laus sæti

STÆRSTI GÍTARLEIKARI Í HEIMI

NÝ

Kaffi & Konni

magnaðasta hreyfilistasýning allra tíma

SVONA HEFURÐU ALDREI SÉÐ ÞÁ ÁÐUR!

Leikstjóri: Gunnar Helgason
Danshöfundur: Selma Björnsdóttir
Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Hljóð: Torbjoern Knudsen

Borgarleikhúsið
Miðasala 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00 í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarfregnir í fréttalok

Tónlistarmaðurinn geðþekki **Jón Ólafsson** veltir því upp á samskiptavefnum Facebook hvort vanta kunni í Sjónvarpið vikulegan þátt um íslenska tónlist. Við færslu hans spratt heilmikil umræða um málið og margur tónlistarspekúlantinn leggur sitt í púkkið. **Gunnar Lárus Hjálmarsson**, Dr. Gunni, er þar á meðal og telur vanta tónlistarfréttadeild, til móts við íþróttadeild. Hann vill enda alla fréttatíma á smá spjalli: „Hjaltalín æfðu í dag og Högni segir að þau ætli að vera ógeðslega góð næst þegar þau spila…“ Síðan telur hann þurfa vikulegan þátt að auki.

Tvær plötur á leiðinni

Megas og Senuþjófarnir hafa tekið höndum saman á ný og tekið upp nýtt efni í hljóðveri eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Samstarfinu var slitið fyrir ári vegna deilna við þáverandi umboðsmann Megasar en nú er hann horfinn á braut og allir sáttir á ný. Aðdáendur Megasar hafa tekið þessum tíðindum fagnandi og rifjað upp að þetta sé í fyrsta sinn sem Megas slíðri sverðin við þá sem hann hafi hætt að vinna með. Hvort afraksturinn stendur undir væntingum verður svo að koma í ljós en sautján laga plata, sem að líkindum fær nafnið *Vandræði*, kemur út í mars og önnur plata verður svo gefin út í sumar.

- óká, hdm

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Neyðarástand eftir öflugan jarðskjálfta á Nýja-Sjálandi
2. Ekkert heyrst frá Íslendingum í Christchurch
3. Skemmdi veggi með háhæla skóm
4. Eignatjón hjá Íslendingum í Christchurch
5. Myndaðir við verðkönnun

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

„Settu það saman“ sjálf/ur og fáðu 20% afslátt

Fyrir þá sem ætla að setja upp eldhúsið sitt sjálfir, erum við tilbúnir í slaginn.
Kíktu við hjá okkur og fáðu góð ráð, þér að kostnaðarlausu, áður enn þú hefst handa.

Við bjóðum teikniþjónustu og ráðleggingar reyndra starfsmanna ásamt verðtilboði í innréttinguna ... raftækin færðu svo á sama stað á tilboðsverði.

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á VÖRU OG VIRKNI

9 MÁNAÐA VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2819 og 530 2821 · ORMSSON.IS